

Kiwanis

UMDÆMIÐ ÍSLAND - FÆREYJAR



Þingblað

41. umdæmisþing
23.–24. september 2011
Höfn Hornafirði



www.kiwanis.is

Dagskrá 41. umdæmisþings

Höfn Hornafirði, 23. – 24. september 2011

Föstudagur 23. september:

08:30 – 16:00	Afhending þinggagna og sala miða á lokahóf
08:30 – 09:15	Umdæmisstjórnarfundur (Hótel Höfn)
09:00 – 10:30	Fræðsla verðandi forseta Fræðsla verðandi ritara og féhirða Fræðsla verðandi forseta, ritara og féhirða frá Færeyjum
10:30 – 10:45	Kaffihlé
10:45 – 11:45	Kynning frá Styrktarsjóði á nýju heimsverkefni Þátttakendur: verðandi svæðisstjórar, forsetar, ritara og féhirðar allra klúbba.
11.15 – 12.10	Áhersluatriði verðandi umdæmisstjórnar Ávarp verðandi umdæmisstjóra Ávarp frá Ráðgjafa KI - Oscar Knight Þátttakendur: verðandi svæðisstjórar, forsetar, ritara og féhirðar allra klúbba
12:15 – 13:00	Hádegishlé – Matur í íþróttahúsi
13:00 – 14:00	Stefnumótun Kiwanishreyfingarinnar 2011 – 2016
14:00 – 14:15	Kaffihlé
14:15 – 15:30	Aðalfundur Tryggingarsjóðs
14:15 – 15:15	Kiwanis í nútíð og framtíð - Hópavinna (Workshop)
15:20 – 16:15	Stutt samantekt úr hópavinnu Ítarleg samantekt verður send öllum svæðisstjórum og kynnt á svæðisráðsfundum
20:00 – 21:00	Þingsetning í Hafnarkirkju
21:00 – 23:00	Opið hús hjá Ós félögum, á Hótel Jökli fyrir þingfulltrúa, maka, gesti og alla Kiwanisfélaga

Laugardagur 24. september:

08:30 – 15:00	Afhending þinggagna og sala miða á lokahóf
09:00 – 12:00	Þingfundir framhaldið <ul style="list-style-type: none">Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þærFjárhagsáætlun 2011-2012Reikningar 2009-2010
11:30 – 12:30	Hádegishlé - Matur í íþróttahúsi
13:00 – 16:00	Þingfundir framhaldið <ul style="list-style-type: none">Staðfesting stjórnar 2011 – 2012Kosning kjörumdæmisstjóra 2012 – 2013Kosning skoðunarmanna reikningaLagabreytingarÁvörp erlendra gestaKynning á umdæmisþingi 2012Staðarval umdæmisþings 2014Ársskýrsla StyrktarsjóðsLandsverkefni - Hjálma verkefnið / K-dagurÖnnur mál
16:00	Þingfundir frestað
19:00 – 02:00	Lokahóf í íþróttahúsi. Fordrykkur, hátíðarkvöldverður, ávörp og viðurkenningar, skemmtiatriði, þingslit, dansleikur.

Sunnudagur 25. September

11:00	Umdæmisstjórnarskipti (Hótel Höfn) Umdæmisstjórnarfundur stjórnar 2011-2012
-------	--

Birt með fyrirvara um breytingar

Ritstjórapistill

Ágætu Kiwanisfélagar
Nú er sumarið senn á enda og Kiwanisstarfið kemst á fullt skrið aftur. Má í raun segja að starfið hefjist á Umdæmisþingi sem að þessu sinni er haldið á Höfn í Hornafirði og veit ég að við eigum eftir að eiga gott og farsælt þing, þar sem málefni Kiwanis verða rædd og örugglega eiga eftir að fæðast þar margar góðar tillögur sem við getum haft að leiðarljósi í starfinu.

Þetta blað okkar er eingöngu þingblað og má segja þetta blað snúist eingöngu um skýrslur og fjármál. Ég hef persónulega verið á móti að gefa út blað sem eingöngu er gefið út vegna þingsins og engar fréttir eru af klúbbum eða öðru tengt klúbba-störfum.

Ég verð nú að bregða aðeins út af hefð þingblaðsins í þetta sinn þar sem að því miður dattu niður myndir sem áttu að prýða grein Kiwanisklúbbsins Ós og vil ég enn og aftur biðja forseta Ós fyrirgefningu.

ingur á þessum mistökum – því fannst mér við hæfi að birta þessa grein aftur í þessu blaði, þar sem það eru Ósfélagar sem halda þingið í ár.

Næsta blað sem kemur út er jólablað, og þarf að vera búíð að skila inn efni í það blað eigi síðar en 31. nóvember. Vil ég endilega hvetja alla þá sem hafa frá einhverju að segja að senda inn efni. Það má alltaf stækka blaðið ef með þarf. Við megum ekki gleyma því að blaðið er okkar málagn út á við. Enn einu sinni, vil ég minna félagi á að tilkynna aðsetursskipti til Umdæmisins svo að blaðið og allt það sem þarf að senda frá Umdæminu komist til skila.

Nýrri umdæmisstjórn vil ég óska allra heilla og hlakka til að eiga samstarf við Ragnar og félagi á komandi starfsári – og um leið þakka Óskari og hans stjórn farsælt samstarfs á liðnu ári.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn við greinar-



skrif á starfsárinu, án ykkar kæmi ekkert blað út.

Með Kiwaniskveðju
Pyrí Marta Baldursdóttir
ritstjóri

Ávarp umdæmisstjóra

Það er komið haust og tími á umdæmisþingi. Þingnefnd og Ósfélagar á Hornafirði hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi. Það stefnir í frábært þing í einstöku umhverfi. Á þingi er lítið fyrir farinn veg, rýnt í það sem betur hefði mátt fara, samglaðst yfir því sem vel hefur verið gert. Horft er til framtíðar, lagt á ráðin, ný forystusveit valin og frædd og nýjar áherslur og markmið líta dagsins ljós. En þegar allar ræðurnar hafa verið fluttar, öllum formsatriðum fullnægt, dagskráin tæmd, – hvað þá? Notaðir þú tækifærið til að endurnýja gömul kynni og efna til nýrra? Endurnærðist þú og smitaðist af þeirri samkennd og eindrægni sem jafnan

einkennir þing? Sóttir þú þér þá fræðslu og upplýsingu sem staðfesta ákvörðun þína um að hlýða kalli til ábyrgðarstarfa. Staðfestir þú þátttöku þína í gefandi Kiwanisstarfi á lands- og heimsvísu, á því að þú getir látið gott af þér leiða og getir lagt þitt á vogarskálamar? Staðfestir þú þá sannfæringu að í víðasta samhengi Kiwanisstarfsins þú skipta allir máli. Staðfestir þú að þú tilheyrir stærstu þjónustuhreyfingu heimsins sem gert hefur þjónustu við börn að forgangsverkefni. Staðfestir þú að hafa tekið þátt í að breyta heiminum og getir það enn á ný. Þetta hef ég gert, ár eftir ár, ekki bara á þingum, heldur í margbreytilegu Kiwanisstarfi – Hvað með þig? Velkomin til umdæmisþings.



Kiwanis

40. árg. • 3. tbl. • sept. 2011

Útgefandi: Kiwanisumdæmið Ísland - Færeyjar
Ábirgðarmaður: Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri
Ritstjóri: Pyrí Marta Baldursdóttir, Sólborg
Forsíðumynd: Þorvarður Árnason
Prentvinnsla: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja



Skýrsla umdæmisstjóra

Meðfylgjandi starfsskýrsla er greinargerð um það helsta sem verið hefur á borðum umdæmisstjórnar á annasömu og óvenjulegu starfsári. Óvenjulegt að því leyti að umdæmisstjóri sat nú í annað ár. Og eðlilega gafst lítill tími til undirbúnings nýrra stefnumála og áherslna. Stefnumótun, kjörorð og markmið starfsársins 2009-2010 voru hins vegar valin af yfirvegun og kostgæfni og urðu því skiljanlega áframhaldandi leiðarljós. Vonandi hefur tekst að skerpa á þeim og að koma anda þeirra til betri skila. Ég geng sáttur frá borði, þreyttur en ekki úrvinda. Margt er óunnið, en heilmiklu hefur verið áorkað, arfleifðin óflekkuð. Jákvæðni og bjartsýni á hlutverk okkar hefur skotið dýpri og nýrri rótum og persónulega vona ég að hafi ég valdið þeirri ábyrgð og trausti sem fólst í vali ykkar á mér til umdæmisstjórnarstarfsins annað árið í röð.

Minnigarorð

Á hverju ári falla jafnan góðir Kiwanisfélagar í valinn. Við stöldrum við, hugs-um um þeirra margvíslegu og góðu verk, heiðrum minningu þeirra og geymum þá í hugarskoti okkar. En lífið heldur áfram. Á starfsárinu hafa óvenjumörg skörð verið hoggin í raðir okkar, veikindafréttir og dauðsföll Kiwanisfélaga nánast daglegt brauð. Þetta er eitthvað sem við ráðum litlu um, en sendum þeim í Kiwanisfjölskyldunni sem eiga um sárt að binda vegna veikinda eða fráfalls, maka, ættingja, vinar eða félaga, hugheilar samúðar- og baráttukveðjur.

I. Fundir og heimsóknir Umdæmisstjórnarfundi:

Haldnir voru fjórir umdæmisstjórnarfundir á árinu, þ.a. tveir með öllum embættismönnum. Sérstakur símafundur var og haldinn til staðfestingar umdæmisins á framboði Andrésar Hjaltasonar til heimsstjórnar. Fundirnir voru málefnalegir, K-dagsumræða tók sinn tíma auk umræðu um framvindu nýrrar svæðaskiptingar. Reglulega var fundað í framkvæmdaráði, þar sem fjallað var um helstu umdæmismál líðandi stundar. Góðir og nauðsynlegir upplýsingafundir oft með sitjandi embættismönnum og verðandi framkvæmdarásfólki.

Svæðisráðsfundir:

Framkvæmdarásfulltrúar sátu svæðisráðsfundi í öllum svæðum og fleiri en einn í þeim flestum. Ég vil hrósa svæðisstjórum fyrir góða og vel skipulagða fundi og félögum fyrir góða mætingu og almenna og málefnalega þátttöku í umræðum. Sérstaklega ánægjulegt var að sitja sameiginlegan fund Þórs- og Eddusvæðis þar sem formsatriði vegna sameiningar svæðanna voru afgreidd á lýðræðislegan og lögformlegan hátt. Reglulega var svo lagt á ráðin með svæðisstjórum um nýja svæðaskiptingu.

Klúbbaheimsóknir:

Heimsóknaskyldu umdæmisstjóra var sinnt eftir megni. Klúbbar voru heimsóttir, ýmist sér eða sameiginlega. Í heimsóknnum sannreynði ég það sem skýrslur klúbbanna bera með sér, vaxandi virkni, góðan félagsanda og jákvæðni, fjölbreyttar og árangursríkar fjáraflanir, óþrjótandi styrktarverkefni, góða fundasókn og ákveðna óþolinmæði og eftirvæntingu vegna yfirvofandi landsverkefna. Á sinn hátt voru allar heimsóknirnar ánægjulegar, en uppúr standa ferð og frábær fundur hjá Öskju á Vopnafirði með 5 klúbbum úr Óðinssvæði. og heimsókn okkar Konny til Færeyja í sameiginlega 50 ára afmælisveislu Tórshavn (30 ára) og Rósan (20 ára). Öllum félögum þakka ég frábærar móttökur og skemmtilega fundi. Allsstaðar hef ég mætt fádæma velvild og gestrisni sem seint verður fullþökkuð.

Evrópumál:

Umdæmisstjóri sækir fundi Evrópurstjórnar og -þing. Í ár var fundaði í tvígang í Munchen og á Evrópuþingi í Haag í Hollandi. Vegna nefndarformennsku í fjölgunarnefnd KI-EF var umdæmisstjóra boðið á undirbúningsfundi vegna KI-EF starfsársins og síðan á fjölgunarráðstefnu í München ásamt öðrum embættismönnum. Umdæmisstjórnar ásamt fulltrúa styrktarsjóðs sátu sérstakan kynningarfundur á nýja heimsverkefninu í Prag í vor. Við sama tækifæri fundað umsjónarmaður gagnagrunns með kollegum í Evrópu. Umræðan á fundum Evrópustjórnar er jafnan margbreytileg, en í ár má segja að tvennt standi uppúr. Á febrúarfundi var undirritað „sögulegt

skjal“ sem innsiglaði sjálfstæði Evrópu um stjórnun eigin mála, en með skilyrtum fjárhagsstuðningi frá KI. Hitt var að svo bar til tíðinda á Evrópuþingi

að reikningar starfsársins 2009-2010 voru kolfelldir, þegar kröfu þingheims um haldbærar skýringar á um 80 þús. evra halla var ekki sinnt. Framkvæmdastjórn sá þó að sér og boðaði sérstakan stjórnarfundur á heimsþingi. Þar var ákveðið að setja á laggirnar sérstaka rannsóknarnefnd til að krefja reikningana. Atli Þórsson mun verða einn af þremur fyrrverandi umdæmisfélögum sem vinna það verk og skila skýrslu í septemberlok. Evrópuforseti næsta árs var útnefndur Paul Inge Paulsen frá Noregi, en sjálfkjörinn kandidat í Evrópuforseta var Marie-Jeanne frá Frakklandi.

Heimsþing:

Heimsþing var haldið í Genf í Sviss í byrjun júlí. 15 atkvæðisbærir umdæmisfélagar sátu þingið. Ferðanefnd efndi til þingferðar og tóku 26 manns þátt í henni. Þingið var fámenn og tíðindalítið, engar lagarbreytingar, engar ályktanir en að venju fræðsla og vinnustofur. Eliminateverkefninu var formlega ýtt úr vör og upplýst að þegar hafi safnast \$4mil. Að venju voru embættakosningar á dagskrá. Við biðum með mikili eftirvæntingu eftir kosningu um laust sæti í heimsstjórn, þar sem Andrés Hjaltason var í framboði. Bjartsýni ríkti um góða kosningu, fólk var jákvætt í hans garð og stuðningsloforð borist víða að. Í tilfelli sem þessu er þó greinilega ekki á vísan að róa, því Andrés varð undir í kosningu þriggja frambjóðenda. Með Hönnu sér við hlið stóð hann sig hetjulega og þó að ekki hafi farið sem skyldi, er viss sigur fólgin í því að hafa yfirleitt gefið kost á sér. Umdæmisstjóri var formaður kjörbréfanefndar á þinginu og þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að kynna framboð Andrésar. Nýr heimsforseti er Íslandsvinurinn Alan Penn, Gunter Gasser frá Austurríki var kosinn sem heimsforseti 2013-2014.



II. Fjölgun og efling 1012 fyrir 2012:

Í október 2009 voru Kiwanisfélagar 882, nú 2 árum síðar eru þeir um 970. Í kjölfar áminningarbréfs heimsstjórnar 2008 um að ná umdæmisstærð fyrir starfsárið 2012-13, varð „1012 fyrir 2012“ að sérstöku fjölgunarmarkmiði. Það er nú í seilingarfjarlægð. Viðsnúningur hefur orðið í nýklúbba-stofnun, sem óumdeilanlega er kjarni viðvarandi raunfjölgunar sem ekki hefur orðið í umdæminu til margra ára. Kiwanis-klúbbarnir Varða og Eldfell voru vígðir á árinu og græðlingsklúbburinn Dyngja og lykilkúbburinn Blámi eru orðnir að veruleika. Fyrir hönd hreyfingarinnar þakka ég því kraftmikla, áráðna og baráttuglaða bjartsýnisfólki, sem blés á mýtuna, axlaði ábyrgðina og lét verkin tala. Gleðilegt er líka til þess vita að fjölgun kvenna í umdæminu er umtalsverð. Kvennanefnd hefur ótvírætt lagt sitt á vogarskálarnar og umdæmið loks komið í hælfar Evrópuumdæma hvað kvennfélagafjölda varðar.

Nýklúbba-stofnun vegur þungt í eflingu umdæmisins, en meira þarf til. Því miður varð heimsstjórn ekki við erindi okkar um að telja virka Sinawikfélag til gjaldfrírra aukafélaga, en við gerum aðra atrennu. Í mörgum klúbbum hefur orðið veruleg fjölgun, í öðrum minni en jákvæð, margir klúbbar hafa staðið í stað og einhverjir hafa ekki getað fyllt í skörð horfinna félaga. Maður á mann aðferðin hefur dugað klúbbum til fjölgunar því Kiwanisstarf í flestum klúbbum er skemmtilegt og gefandi. Í ár hafa öflugar fjáraflanir og fjölbreytt styrktarverkefni einnig skilað óvenju miklu til samfélagsins. Hömpum gildum Kiwanisstarfsins: vináttu, þjóðfélagslegri ábyrgð, þjónustu við börn og þá sem minna mega sín. Nýtum meðbyrinn til að laða nýja félaga í okkar raðir Lykilatriðið er að spyrja! 100% þeirra sem ekki eru spurðir, ganga ekki til liðs við okkur.

III. Úr ýmsum áttum Svæðaskipting

Ný svæðaskipting sem var samþykkt samhjóða á umdæmisstjórnarfundi vorið 2010, tekur gildi 1. okt. Breytingu sem fyrst var hreyft með tillögugerð haustið 2009 er orðin staðreynd. Skipulega hefur verið unnið að innleiðingu breytingarinnar. Svæðisráð og -stjórnir hafa fundað og tekið nauðsynlegar stjórnskipulegar ákvarðanir og velt upp ýmsum hliðum á breytingunni. Umræðan, í grasrótinni, í klúbbum, svæðum og

á umdæmisfundum, hefur almennt verið á afar jákvæðum nótum og falið í sér viðurkenningu á, að í ljósi breyttrar aðstæðna í hreyfingu og þjóðfélagi, sé nauðsyn að hrófla við 20 ára gömlu skipulagi. Mörgum spurningum er enn ósvarað, sérstaklega í svæðum þar sem breytingarnar verða hvað mestar. Í þessu verkefni hefur jákvæðni hingað til verið höfð að leiðarljósi, verði hún það áfram verða álitaefnin töklud af festu og sem lausir - ekki vandamál.

K-dagur og K-lykill:

Verkefnið var fókusað allt árið, mikið í umræðunni, eftirvænting mikil. Söluátakið í vor tókst með ágætum og skilar umtalsverðum fjárhæðum til samþykktar styrktarverkefna. Ytri kynning verkefnisins var til fyrirmyndar og auðveldaði sölu. Verkefnisstjórn gerir nánari grein fyrir ánægjulegri niðurstöðu seinna í dag, en ég vil nota tækifærið og þakka K-dagsnefnd fyrir 3ja ára frábær og ómetnaleg störf að einu af okkar stærsta og mikilvægasta styrktar- og fjárfölgunarverkefni.

Hjálmaverkefnið:

Á árinu var gerður 3ja ára samningur við Eimskip um áframhaldandi styrktaraðild fyrirtækisins. Samningurinn skýtur sterkum rötum undir þetta einstaka forvarnarverkefni, sem nýleg dæmi sanna að á fyllilega rétt á sér. Á hverju ári koma upp ýmsir hnökror á framkvæmdinni og samstarfinu. Opinberir eftirlitsaðilar hafa t.d. haft óvenju mikinn áhuga á verkefninu, en þau mál hafa verið farsællega til lykta leidd. Hnökramir eru til að leysa þá og mega ekki skyggja á mikilvægi þeirra hagsmuna sem að veði eru. Ég þakka verkefnisstjórn frábær og ómetnaleg störf að framgangi og framkvæmd þessa mikilvæga landsverkefnis.

Stefnumótun:

Undir forystu kjörumdæmisstjóra hefur verið unnið að nýrri stefnumótun umdæmisins til fimm ára. Drög voru send klúbbum til kynningar og þau verða rædd og væntanlega samþykkt á umdæmisþingi. Eigi þessi vinna að skila sínu verður að tryggja að framkvæmd stefnumarkandi aðgerða, eftirfylgni og endurskoðun á áherslum sé tryggð og aðhald félaga og klúbba sé á borði en ekki orði.

Frétta- og upplýsingamiðlun

Kiwanisfréttir komu tvisvar út á starfsárinu auk fyrirgjandi þingblaðs.

Umdæmisstjóri sendi frá sér fréttabréf sem birtust á netinu og var dreift rafrænt til allra félaga. Efnid var fréttáflutningur af umdæmisvettvangi og hvatningu til félaga og embættismanna. Kiwanis.is hefur sannað sig sem helsti upplýsingamiðill hreyfingarinnar og markvisst er unnið að því að aðlaga hana breytilegum þörfum umdæmisins. Skemmtilegar nýjungar komu fram við nýjustu uppfærslu. Ég hvet Kiwanisfélaga til að heimsækja síðuna og reglulega senda inn efni á báða fréttamiðla okkar.

Sumarbúðir í Finnlandi

Í lok júlí fóru umdæmisstjórahjónin fyrir hópi 9 unglinga í vikulöngum Kiwanis-umarbúðum í Finnlandi. Búðirnar fengu styrk frá Ráðherranefnd Norðurlandaráðs, sem stóð undir ferðakostnaði hópsins. Færeyingum stóð til boða að senda þátttakendur, en rúmlega mánaðar fyrirvari var skiljanlega of stuttur að safna liði. Okkar hópur naut hinsvegar fyrri reynslu og mætti tilbúinn með sín verkefni þó fyrirvari væri naumur. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og voru sjálfum sér og hreyfingunni til mikils sóma. Ávöxtur fyrri ferðar var stofnun Lykilklúbbsins Bláma, en ávöxtur þessarar ferðar ber e.t.v. ávöxt um áramót, en það er sá tími sem okkur var gefinn til að kanna möguleika á slíkum búðum á Íslandi. Skipuð hefur verið nefnd til að skoða málið.

Eliminate – nýtt heimsverkefni KI

Styrktarsjóður mun hafa verkstjórn með þessu nýja heimsverkefni, sem nú hefur formlega verið hleypt af stokkunum. Verkefnið verður unnið í einhverju samstarfi við landsstjórnir Unicef og þegar hefur verið haldinn kynningarfundur með umdæminu og framkvæmdastjóra Unicef á Íslandi. Væntingar til verkefnisins eru miklar og á ég ekki von á öðru en að við stöndum skil á okkar. Margir klúbbar hafa t.d. tekið áskorun styrktarsjóðs um regluleg framlög og eftir því sem framvindur munu eflaust ýmis verkefni og uppákomur líta dagsins ljós.

Hekla og hreyfingin 50 ára:

14. janúar 2014 fagnar umdæmið 50 ára afmæli Kiwanisklúbbsins Heklu. Erindi vegna tímamótanna var sent Einherjum í fyrri og þeir beðnir að koma að hátíðarhöldum í samvinnu við Heklufélag og

umdæmisstjóra næstu ára. Óformleg vinna er einnig hafin að því að skrá sögu hreyfingarinnar, en klúbbbar munu koma inn í þá vinnu á einhverjum nálægum tímamarki.

Framboð til kjörum-dæmisstjóra

Svo brá við að enginn frambjóðandi til embættis kjörumdæmisstjóra 2012-2013 hafði gefið sig fram þegar umsóknar-frestur rann út. Eftir ítrekaðar áskoranir og ófá samtöl umdæmisstjóra við kjörbæra félag, gaf mjög svo frambærilegur félagi sig fram, Dröfn Sveinsdóttir, Sólborgu. Ég fagna því. Af samtölum mínum fæ ég hins vegar ráðið að félagar veigra sér við fram-boði vegna óskilgreinds kostnaðar sem embættinu ku fylgja. Fælir umræða und-anfarinna ára um milljónakostnað fólki frá því að bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa fyrir umdæmið? Var ég þá, umdæmisstjóri til tveggja ára, óbreyttur borgarstarfs-maður á lúsarlaunum, ófær um að sinna embættisskyldum mínum af því að ég festi mig ekki í skuldafeni? Þvert á móti. Eini verulegi fórnarkostnaðurinn sem ég fann fyrir var frítími minn og sumarleyfi.

Hann met ég ekki til fjár heldur fórnaði góðfúslega fyrir að hafa fengið að sinna óumræðilega gefandi og skemmtilegu starfi. Ég viðurkenni samt að ég geng stór-skuldugur af vaktinni, en þær skuldir eru fyrst og fremst þakkarskuldir!

Lokaorð

Við óvenjulegar aðstæður fyrir ári síðan, var viss ábyrgð lögð á herðar mér. Hana axlaði ég hiklaust, vitandi að frábært og reynslumikið samstarfsfólk væri tilbúið í aðra vegferð. Nú er komið að leiðarlukum og að framan hefur verið stiklað á því helsta sem þessi hópur hefur verið að sýsla við á starfsárinu. Í mörg horn var að líta og að mörgu að hyggja, en vonandi ber skýrsl-an þess vitni að hér var starfsóm stjórn að verki. Hjálparhellurnar mínar, þau Hjördís og Atli stóðu vaktina í mót- og meðbyr, úrræðagóð og þrautseig. Ekki bar skugga á þá samvinnu. Ragnar kjörumdæmisstjóri kom sterkur að stjórnarborðinu, ólíkt síðasta ári þá dreifðist ábyrgðin meira núna. Við óskum honum og stjórn hans velfarnaðar og styðjum þau til allra góðra verka. Embættismönnum umdæmisins færi ég kærar þakkir fyrir góð og sam-

viskusamleg störf. Svæðisstjórum þakka ég góða samvinnu og alúð þá og ræktar-semi sem þeir hafa sýnt svæðum sínum og klúbbum og þá ábyrgð sem þeir hafa sýnt í allri sinn framgöngu. Umdæmið er félagarnir, klúbbarnir og svæðin og með áhuga- og samviskusama svæðisstjóra innanborðs hljótum við að sigla heil í höfn. Eldeyjarfélögum þakka ég áfram-haldandi einlægan stuðning. Konu minni þakka ég alla hennar þolinmæði, tillits-semi og jákvæðni í 7 ára umdæmisþjástri. Án umburðarlyndis, stuðnings hennar og hvatningar hefði ég aldrei lagt í þennan framhaldsleiðangur. Efst eru mér þó í huga þakkir til allra til þeirra Kiwanisfélaga sem stutt hafa mig og leiðbeint, félagi sem ég hef hitt í leik og starfi, án þeirra fórnfúsú handa, hlýhugar og Kiwnisþels, væri hreyfingin ekki það sem hún er í dag. - Stærsta þjónustuhreyfing í heimi sem hefur að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna – Ábyrgðin á því er okkar – okkar allra!!! Megi guð og gæfan fylgja ykkur og Umdæminu Íslandi– Færeyjar um ókomin ár.

Umdæmisstjórinn ykkar
Óskar

Skýrsla umdæmisritara

Eitt af verkefnum umdæmisritara er að leggja fram skýrslu sem unnin er úr upplýsingum sem koma fram á mán-aðarskýrslum frá klúbbunum í umdæm-inu. Þessi skýrsla sem ég legg fram núna nær frá upphafi starfsárs til enda maí. Hjá flestum klúbbum hafa skýrsluskil verið mjög góð í vetur. Umdæmisritara hafa borist 259 skýrslur á þessu tímabili en 19 skýrslur vantar. Flestir ritarnir voru að standa sig mjög vel, skiluðu alltaf á réttum tíma og fylltu skýrsluna samviskusamlega út. Þeir sendu jafnvel með punkta um það helsta sem var að gerast hjá klúbbnum þeirra í hverjum mánuði fyrir sig. Mig langar að þakka þessum riturum fyrir því það skiptir svo miklu máli að skýrslurnar berist umdæminu á réttum tíma og að þær séu rétt útfylltar, svo hægt sé að fylgjast með stöðu klúbbana. Eins vil ég hvetja verð-andi ritara til þess að mæta í fræðsluna sem haldin verður í tengslum við þingið þar sem farið verður yfir hvernig á að fylla mánðarskýrsluna rétt út.

Í Umdæminu Ísland – Færeyjar voru í upphafi starfsárs 34 klúbbar en í vetur bættust tveir klúbbar við, Kiwanis-klúbburinn Varða í Reykjanesbæ og Kiwanisklúbburinn Eldfell í Kópavogi. Samkvæmt skýrslunum voru Kiwanisfélagar í umdæminu 932 í upphafi starfsárs en samkvæmt maí skýrslum voru félagar 961. Á þessu tímabili hafa 74 gengið til liðs við hreyfinguna en 45 hafa hætt eða fallið frá. Til gamans má geta þess að í skýrslu umdæmis-ritara sem lögð var fram á þingi fyrir ári síðan kemur fram að félagar voru 882 þann 1. október 2009. Kiwanisfélögum hefur því fjölgað á tveimur árum um 79 félagi og þessu ber svo sannarlega að fagna því það er bæði nauðsynlegt fyrir hreyfinguna og gaman að fá nýtt fólk til liðs við okkur.

Nánast allir klúbbarnir eru að nýta sér félagatalið á heimasíðunni þar sem þeir skrá sjálfir inn nýja félagi, hætta félagi eða breytingar á heimilisföngum eða öðru. Miklu máli skiptir að allar upplýs-ingar um félagi séu rétt skráðar og það

borgar sig að fara yfir þessar upp-lýsingar á hverju ári. Ef heimilis-föngin eru ekki rétt fá Kiwanis-félagar t.d ekki Kiwanisfréttir og fleira sem sent er til félagi sem er ekki gott.

Mig langar að hvetja ritarana til þess að skrá inn netföngin hjá félögum því oft er verið að senda upplýsingar til félagi í tölvupósti frá umdæminu. Taka skal fram að allar upplýsingar sem sendar eru Kiwanisfélögum með tölvupósti eru líka sendar forsetum klúbbanna. Til þess að þeir geti komið upplýsingum áfram til þeirra sem ekki eru nettengdir.

Á skýrslunum kemur fram að flestir klúbbarnir eru með tvo fundi í mánuði og nánast allir eru með tvo stjórnar-fundi. Klúbbbar gera mikið af því að fá til sín skemmtilega og fræðandi fyrirlesara á almennum fundum og ræða svo klúbb-



starfið á félagsmálafundum. Töluverðar heimsóknir eru á milli klúbba, farið er á svæðisráðsfundi og ýmsar skemmtanir. Það er greinilegt að það er líf og fjör hjá nánast öllum klúbbum í umdæminu.

Mætingin er mjög góð en meðal-mætingarprósenta hjá þeim klúbbum sem hafa skilað mér skýrslum á þessum 8 mánuðum er um 73%. Samt er ekki mikið um að mætingaviðurkenningar komi fram á skýrslum. Í lok maí voru 66 Kiwanisfélagar í leyfi frá Kiwanis-starfinu.

Kraftmikið og öflugt starf er það sem má lesa út úr skýrslunum á þessu tíma-bili. Klúbbarnir hafa safnað í styrkar-sjóði sína um 32,5 milljónir kr. og á sama tíma hafa þeir veitt styrki fyrir rúmar 23 milljónir kr. Kiwanisfélagar hafa

unnið í samtals 19.349 klukkutíma, en þetta segir okkur hvað starfið er öflugt og hvað Kiwanisfélagar eru tilbúnir að leggja mikið á á sig í þágu hreyfingarinnar. Það sést svo sannarlega á þessu að fátt er eins gefandi og að láta gott af sér leiða. Við megum vera stolt af því að vera Kiwanisfélagar.

Önnur verkefni umdæmisritara er að vinna og gefa út Félagatal Umdæmisins í samvinnu við tengilið við gagnagrunn-inn. Það er alltaf ótrúleg vinna sem fer í það að safna upplýsingum frá klúbb-unum eins og um næstu stjórn og mynd af forseta. Þessar upplýsingar eiga að berast með maí skýrslum en virðist oft gleymast hjá mörgum.

Umdæmisritari situr alla fundi fram-kvæmdaræðs og umdæmisstjórnar og

Skýrsla umdæmisfórnir 2010-2011

Ég var nýkomin úr náttúruskoðunar-ferð til Sviss þegar Óskar viðvarandi umdæmisstjóri hringdi í mig og spurði hvort ég væri til í að vera umdæmis-fórnir í eitt ár í viðbót. Ég minnti á að samningurinn sem var gerður forðum í bílferðinni hljóðaði bara upp á eitt ár. En eftir koniáksfund með þáverandi umdæmisfórnir þá ákvað ég að slá til. Undirbúningur umdæmisfórnir fyrir starfsárið 2010-2011 tók mjög skamman tíma, þar sem fyrrverandi umdæmis-fórnir var mjög hjálpsamur. Þá kom ég einnig að undirbúningi fræðslu fyrir svæðisstjóra, komandi forseta og á um-dæmisþingi.

Í október 2010 tók ég síðan við embætti umdæmisfórnir af Atla Þórs-syni kallaður Tumi. Tók ég þar við mjög góðu búi, sem mér hefur vonandi tekist að halda við. Samkvæmt ráðleggingu frá fyrrverandi umdæmisfórnir þá ákvað verðandi umdæmisfórnir að biðja Ómar Hauksson, Skildi Siglufirði, að halda áfram að færa bókhaldið fyrir umdæmið 2010-2011. Vil ég nota þetta tækifæri að þakka fyrir sérdælis góða samvinnu og viðkynningu. Þá var einnig ákveðið að biðja Sparisjóð Siglufjarðar um að sjá áfram um bankaviðskiptin. Því eins og spekingurinn sagði forðum „Það

er óþarfi að finna hjólið upp að nýju“.

Reikningar vegna 60% umdæmis-gjalda og Kiwanisfréttu voru sendir út í október og vegna 40% í apríl. Þegar þetta er skrifað þá á einn klúbbur eftir að greiða 60% og Kiwanisfréttir. Veittur var 40% afsláttur af erlendu gjöldunum eftir að greiningardeild umdæmisins sendi frá sér víðamikili álit til KI um rökstuðning fyrir lækun á erlendum gjöldum. Miðað við viðbrögð KI við þessu álitinu verður það að teljast harla líklegt að þessi afsláttur verði veittur aftur. Á árinu tókst að láta klúbbana hreinsa upp gamlar syndir hvað varðar greiðslu á erlendum gjöldum því annars hefðu þeir átt á hættu að vera hreinsaðir út af félagaskrá KI. Tveir klúbbar eiga eftir að gera upp sín gjöld þegar þetta er skrifað.

Á þriggja mánaða fresti var skilað uppgjóri til fjárhagsnefndar umdæmis-ins og höfum við Óskar sloppið við að vera kallaðir fyrir. Ég tel nauðsynlegt að hafa fjárhagsnefnd til að fylgjast með fjármálum umdæmisins, það hefur veitt mér öryggi í mínum störfum. Vil ég þakka nefndarmönnum fyrir mjög svo ánægjulegt samstarf. Peningaleg staða umdæmisins er mjög góð og er staðan á veltureikningum þegar þetta er skrifað 4,5 milljónir kr.. Hefur verið hægt að

skrifa fundargerðir. Fundagerðirnar frá umdæmisstjórnarfundum eru settar inn á heimasíðuna og vil ég hvetja sem flesta að lesa þær og fylgjast þannig með því sem er að gerast hjá hreyfingunni.

Ég hef nú starfað sem umdæmisritari í þrjú starfsár og þegar ég lít til baka þá hefur starfið verið mjög gefandi og skemmtilegt. Ég er reynslunni ríkari, hef kynnst fullt af góðu fólki um land allt og eignast góða vini. Mig langar að þakka öllum þeim sem ég hef átt samskipti við fyrir gott samstarf og skemmtileg kynni.

Með Kiwaniskveðju
Hjördís Harðardóttir
umdæmisritari



borga alla reikn-inga á réttum tíma.

Undirritaður var kallaður til starfa til að skoða reikninga KIEF og mun það vera gert í Lúxemborg seinnipart ágústmánaðar.

Á starfstímabilinu hef ég farið í marg-ar heimsóknir bæði í klúbba og svæðis-ráðstefnur sem ég hef haft mjög gaman af. Þá hef ég haft samstarf við fjöldan allan af Kiwanisfélögum og sjaldan bar skugga á. Vil ég þakka alveg sérstaklega fyrir skemmtileg kynni og gott viðmót. Þá vil ég þakka Óskari umdæmisstjóra og Hjördísi umdæmisritara alveg sér-staklega fyrir samstarfið. Þau starfsár sem ég hef gengt starfi umdæmisfórnir hafa verið einstaklega ánægjuleg og sé ég ekki eftir hinu snögga svári sem ég gaf Óskari fyrir fjórum árum síðan. Nú mun ég snúa mér að því að aðstoða við uppbyggingu á nýjum og öflugum Kiwanisklúbb sem heitir Eldfell.

Takk yfir mig.

Atli Þórsson

Umdæmisfórnir 2010-2011

Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis

Þegar ég tók við sem svæðisstjóri Eddusvæðis hafði ég háleit markmið og hafði í huga að hressa upp á fyrrum sveitunga mína í Borgarfirði og heimsækja klúbbana á svæðinu. En um haustið greindist ég með alvarlegan sjúkdóm og þurfti að fara í aðgerð. Í framhaldi af því tók við lyfjameðferð og hafa síðustu átta mánuðir verið erfiðir, en nú er það búið og ég á hraðri uppleið. Ég hafði mér við hlið ritarann minn, Baldur Árnason, sem hefur haldið utan um skýrslurnar fyrir mig, án hans hefði ég ekki getað þetta og vil ég þakka honum fyrir þolinmæðina og hjálpinu.

Ég byrjaði á því að skipta um stjórn hjá klúbbnum mínum Jörfa á fundi með eiginkonum á veitingastaðnum Hafinu bláa. Síðan hjá félögum í Kötlu sem var einnig með eiginkonum á Hótel Hengli á Nesjavöllum. Svo hjá Þyrli á almennum fundi 4. október. Um stjórnarskipti í Höfða sá Sigurður Jóhannsson. Ekkert varð af heimsóknnum í klúbbana og sakna ég þess. En starfið hefur gengið mjög vel hjá klúbbnum fimm á Eddusvæðinu. Höfði er með 30 félaga og hefur stundað mjög góða fjáröflun að fjárhæð 2.636.398 kr. og veitti styrki fyrir 1.052.000 kr., mæting er 70%. Jöklar með sína 11 félaga og enga fjáröflun en veit ekki með mætingu því það vantar skýrslur frá þeim. Jörfi með

31 félaga og einnig með mjög góða fjáröflun, 1.440.377 kr., og veitti styrki fyrir 817.800 kr., mæting er 86%. Katla með 33 félaga, sömuleiðis með mjög góða fjáröflun að fjárhæð 1.094.000 kr., veitti styrki upp á 850.000 kr. og er með 81% mætingu. Þyrli með 33 félaga og fjáröflun upp á 629.324 kr. veitti styrki upp á 1.261.000 kr., er með 74% mætingu. Samtals eru 138 félagar á Eddusvæði og á hvern féлага er meðalfjáröflun 42.030 kr., veittur styrkur 28.846 kr. og 30 vinnustundir. Þetta er mjög góður árangur. Þrátt fyrir að fækkað hafi um þrjá á Eddusvæðinu, fjölgaði um jafnmarga og það í Þyrli, enda er þar mjög öflugur forseti, Stefán Lárus Pálsson. En við vonum að fjölgun verði á svæðinu með haustinu.

Fyrsti svæðisráðsfundur Eddu var haldinn í Kiwanishúsinu 13. nóvember 2010. Þar skiluðu forsetar mjög góðum skýrslum sem sýndi að mjög öflugt starf er í gangi, en því miður kom ekkert frá Jöklum. Svo var haldinn sameiginlegur fundur með stjórn Þórsvæðis og Eddusvæðis til undirbúnings sameiningar þessara svæða. Þar var ákveðið að kjörsvæðisstjóri Eddusvæðis, Snjólfur Fannald úr Kötlu, yrði næsti svæðisstjóri nýs svæðis og að kjörsvæðisstjóri Þórsvæðis, Hörður Mar, yrði næsti kjörsvæðisstjóri nýs svæðis. Eftir nokkra fundi var ákveðið að halda sameiginlegan svæðis-

ráðsfund Eddu- og Þórsvæðis í Geysishúsinu í Mosfellssveit 26. mars. Þar mætti umdæmisstjórn og fulltrúar allra klúbbar beggja svæðanna. Þar var kosið um nafn á nýtt sameinað svæði, og varð Freyjusvæði fyrir valinu. Þetta eru ekki tæmandi upplýsingar af svæðinu enda var ég ekki virkur á tímabilinu. En styrkur klúbbanna er mjög mikill og í þeim eru afar efnilegir félagsmálamenn með mikla reynslu af mannlegum samskiptum og vilja láta gott af sér leiða. Í stjórn Eddusvæðis voru með mér, Baldur Árnason ritari og Friðrik Hafberg meðstjórnandi, félagar mínir úr Jörfa og fráfarandi svæðisstjóri Jakob Marinósson í Höfða. Að lokum vil ég þakka stjórn Eddusvæðis og Þórsvæðis fyrir samstarfið og óska hinu nýja Freyjusvæði velfarnaðar, þakka umdæmisstjóra og umdæmisritara og öllum sem ég hef átt samskipti við á þessu starfsári og sýnt mér umburðarlyndi í veikindum mínum.

Með Kiwaniskveðju,
Jón Jakob Jóhannesson
Svæðisstjóri Eddusvæðis.



Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæðis

Ágætu Kiwanisfélagar

Starfsemi klúbbanna í Grettissvæði hefur verið mjög gott á þessu starfsári 2010-2011.

Allir klúbbarnir hafa staðið sig vel í skilum á skýrslum sem er 100%, mæting hjá klúbbnum hefur verið góð, að meðaltali 65 – 83% á fundi. Skjöldur á Siglufirði tók inn 4 nýja félaga á starfsárinu sem er frábær árangur. Einn félagi féll frá Þórhallur Daníelsson úr Skildi á Siglufirði.

Klúbbarnir hafa unnið ötulliga að styrktarverkefnum og öðrum verkefnum í sínu bæjarfélagi og eru góðar fyrir-

myndir samborgara sinna og Kiwanishreyfingunni til mikils sóma.

Við í Grettissvæði höfum haldið þrjá svæðisráðsfundi á starfsárinu sem allir tókust mjög vel og síðasti fundurinn sem haldinn var á Siglufirði var sérstakur að því leiti að hann héldum við sameiginlega með Óðinssvæði, fundurinn var fjölmennur og skemmtilegur og tókst í alla staði vel.

Á starfsárinu heimsótti ég klúbbana minnst tvisvar og hef verið í sambandi við þá yfir allt starfsárið og get staðfest að starfið innan klúbbanna er mjög gott. Í samskiptum mínum við kiwanisfólk hef ég oft rætt um fjölgun í hreyfinguna

og hvað sé til ráða, er það skoðun mín að besta leiðin sé að hafa gaman að starfinu og að reyna að hafa kiwanisstarfið skemmtilegt. Ekki að falla í of mikla formfestu reglna vegna því það fællir væntanlega nýja félaga frá en halda samt virðingu hreyfingarinnar á lofti. Ef það er gaman af starfinu þá smitar það út frá



sér til annarra og nýjir félagar vilja koma til starfa.

Þetta starfsár sem nú er að lokum komið, er einnig síðasta starfsár Grettissvæðis. Skipulagsbreyting var ákveðin hjá Umdæminu og fara klúbbarnir Drangey og Skjöldur í Óðinssvæði en Mosfell fer í Sögusvæði. Starfið í

Grettissvæði hefur verið mjög öflugt og á ég eftir að sakna samstarfsins við góða félaga okkar í Drangey og Skildi, en þá á ég örugglega eftir hitta oft og eiga sem vini til framtíðar. Það er líka tilhlökkun að fara með Mosfelli í nýtt svæði, heimsækja nýja staði og kynna nýjum félögum sem verður eflaust mjög gaman.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum félögum í Grettissvæði fyrir frábærar viðtökur og samstarfið á þessu síðasta starfsári.

Með Kiwaniskveðju
Erlendur Örn Fjeldsted
Svæðisstjóri Grettissvæðis

Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis

Starfið í Óðinssvæði hófst með hefðbundnum stjórnarskiptum og gengu þau vel með góðra manna hjálp og var gaman að heimsækja klúbbana og sjá hvað þeir eru misjafnir og hefur hver klúbbur sín sérkenni. Ég hafði uppi góð áform um að heimsækja alla klúbba í svæðinu aftur en það náðis ekki. Fór þó með Skjálfandafélögum og heimsótti Öskju og var Óskar umdæmisstjóri með í för og 4 félagar úr Herðubreið, Kaldbak og Emblu og var þetta góð ferð. Þá fór ég með Emblufélögum og heimsótti Súlu í Ólafsfirði en þeir áttu 35 ára afmæli 31. mars. Þar mættu einnig félagar úr Skildi og áttum við saman ánægjulega kvöldstund með afmælisbarninu. Ég heimsótti líka Kaldbak og Emblu en það voru nú frekar óformlegar heimsóknir.

Einn fundur var haldinn í svæðisstjórn en þeim mun fleiri símafundir. Ég hef setið tvo umdæmisstjórnarfundir en gat því miður ekki mætt á síðasta fund. Þrjú svæðisráðsfundir voru haldnar á árinu og var góð mæting á þá alla en þó vantaði uppá að fulltrúar mættu úr öllum klúbbum en allir skiluðu skýrslum. Tveir fundir voru haldnar á Akureyri og en síðasti fundurinn var haldinn á Siglufirði og var

sameiginlegur með Grettissvæði sem nú verður lagt niður og fáum við Drangey og Skjöldur í Óðinssvæði og verða þá 9 klúbbar í svæðinu og félagar um 156 og finnst mér að menn séu almennt ánægðir með þessa breytingu. Margt var rætt á þessum svæðisráðsfundum. Samþykkt var að kjörsvæðisstjóri 2011-2012 kæmi úr nýju klúbbnum. Ákveðið var að klára sameiginlegt verkefni svæðisins með gjöf til Barnaeyðingar FSA, en það er annað vöktunartæki af tveim og verða trúlega bæði komin í notkun þegar þetta blað kemur út. En fyrra tækið var formlega afhent eftir svæðisráðsfund 5 febrúar.

Forsetafræðsla fyrir Norðurland fór fram á Akureyri í ár og var það gott framtak og vel heppnað og verður vonandi meira af slíku. Í maí var komið að sameiginlegum verkefnum og mikil vinna við þau. Hjálmaafhending í maí byrjun og þá var K-lykillinn næsta verkefni og voru viðtökur ótrúlega góðar við þessum nýja lykli og gekk salan vel hér í Óðinssvæði og voru menn alment jákvæðir fyrir þessari nýjung.

Um 60 félagar og makar úr Óðinssvæði fóru til Færeya í vor og átti Benedikt Kristjánsson í Skjálfanda veg og vanda að þeirri

ferð og var þetta hin besta ferð að sögn þeirra sem fóru í hana. Fjölskylduhátið Óðinssvæðis var haldin að Melgerðismelum í Eyjafirði síðustu helgina í júní og sáu Emblufélagar um hana. Mæting var nokkuð góð og veður þokkalegt og áttum við saman góða helgi.

Starfið í svæðinu hefur verið öflugt en staða klúbbanna er mjög misjöfn. Skýrsluskil hafa verið góð og sýna þær að mikið hefur verið starfað í svæðinu og samkvæmt skýrslum frá okt. 2010-maí 2011 eru fjárfarlanir 5,5 milljónir kr. styrkir 4,3 milljónir kr. og vinnustundir um 3.000 og mætingarprósenta um 78%.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem ég hef haft samskipti við og sérstakar þakkir til þeirra sem hafa aðstoðað mig í þessu starfi því miður er ekki pláss til að telja þá alla upp.

Lára Einarsdóttir
Svæðisstjóri Óðinssvæðis



Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis

Fjölgun í Sögusvæði

Það má segja að klúbbarnir í Sögusvæði hafi gefið hinni miklu fjölgunarleysisumræðu Kiwanishreyfingarinnar langt nef. Félögum í svæðinu hefur fjölgað um 29 á starfsárinu og auk þess bíða 7 félagar í Helgafelli eftir því að verða teknir formlega inn í klúbbinn, en það verður gert á ársátíð klúbbsins í haust. Þá bættust 6 nýjir félagar í Kiwanisklúbbinn Ölver í Þorlákshöfn - á Gelluhátíðinni þeirra um

miðjan mars og 2 bíða eftir því að verða teknir formlega inn í klúbbinn. Svæðisstjóri fór á Gelluhátíð þeirra Ölversmanna og sá um inntöku nýju félaganna og átti með Ölversfélögum og gestum þeirra, frábært kvöld.

Búrfell og Ós slógu saman sínum stjórnarskiptafundum og héldu hann á Kirkjubæjarklaustri. Þar minnst Búrfellsfélagar þess að liðin voru 40 ár frá stofnun klúbbsins og voru þeim færðar

gjafir af því tilefni. Tel ég að þessir annars fámennu klúbbar hafi þar fundið leið til að gera stjórnarskiptaathafnir skemmtilegr. Ölversmenn héldu sinn stjórnarskiptafund í Ráðhúsinu



í Þorlákshöfn og Helgafellsfélagar héldu sína árshátíð og stjórnarskiptafund í sínu klúbbhúsi. Svæðisstjóri sá um þær athafnir hjá öllum klúbbunum.

21 félagi var tekinn inn í Eldfell/Helgafell 21. janúar s.l. og 2 fluttu sig úr öðrum klúbbum yfir í Eldfell.

Í Sögusvæði eru nú 4 klúbbar með 216 féлага.

Nýr klúbbur

Starfsárið í Sögusvæði hefur verið líflegt og verður væntanlega áfram. 6. maí síðastliðinn var græðlingsklúbbur Helgafells, sem hlaut nafnið Eldfell, formlega stofnaður út í Eyjum og hafa 23 félagar gengið í klúbbinn og verið teknir formlega inn í hann en 9 bíða eftir inntöku.

Gott ról á klúbbunum

Mér sýnist klúbbarnir í Sögusvæði vera á ágætu róli, þótt ólíkir séu. Ég er stoltur af Hornfirðingum að ráðast til atlgugu við Umdæmisþingið. Búrfell er ekki fjölmennur klúbbur en ótrúlega öflugur og þar láta félagarnir ekki deigan síga heldur halda sínu striki sem aldrei fyrr og mættu þeim stærri klúbbur gjarnan horfa til þeirra í ýmsum málum. Ölversmenn eru líka stórir, flottir og öflugir fyrir sitt bygðarlag, en gera hlutina stundum öðruvísi, - þar er félagsskapurinn í öndvegi en formið sett skör neðar.

Of margir í Helgafelli?

Hvað Helgafell snertir, þá gengur starfið þar ágætlega og klúbburinn mjög virkur. Á síðasta fundi klúbbsins fyrir sumarfrí var samþykkt að styrkja foreldra til kaupa á sérstökum íþróttagleraugum fyrir þau börn sem nota gleraugu við íþróttaiðkun. Það er kannski verkefni, sem klúbbur á

landsvísu ættu að huga að. Börnin fyrst og fremst eru jú einkunnarorð Kiwanis. Þá varð einnig talsverð umræðu um fjölgunar-mál klúbbsins en sumir vilja fara að hægja á fjölguninni, setja einhver fjöldatakmörk, en niðurstaða fundarins varð sú að halda áfram á sömu braut, - að nóg húspláss sé til staðar og ekkert því til fyrirstöðu að fjölga í klúbbnum, það sé bæði félagslegur og fjárhagslegur styrkur að stórum klúbbi og að “nýir vendir sópi best”. Áhugi á að komast í klúbbinn sýni að hann sé vinsæll og textinn í ÍBV-laginu góða, þar sem segir: “Komdu fagnandi” eigi líka við Helgafell.

Mosfell og Eldfell koma í Sögusvæði

Þá fjölga klúbbum í Sögusvæðinu á næsta starfsári, þegar Kiwanisklúbburinn Mosfell í Mosfellsbæ kemur inn í svæðið, ásamt Eldfelli. Væntanlega verða 6 klúbbar í Sögusvæði á næsta starfsári. – Það verður bara skemmtilegt að fá þessa klúbba inn í svæðið og gerir því bara gott að ég tel.

Umdæmisþingið í Sögusvæði

Þá er umdæmisþing Kiwanis nú haldið í Sögusvæði. Þar hefur Kiwanisklúbburinn Ós, þessi 19 manna klúbbur tekið að sér þetta stórvirki og á eflaust eftir að standa að því með myndarbrag og ég segi fyrir mína parta, ég hlakka til þingstarfanna, sem ég veit að verða skemmtileg og ekki hvað síst að eiga samskipti við aðra kiwanisféлага og njóta þess að vera á Hornafirði.

Akkilesarhællinn

Við höldum fyrri svæðisráðsfundinn okkar í Þorlákshöfn 13. nóvember sl. Þar fengum við m.a. nærmynd af Ragnari Erni verðandi

umdæmisstjóra. Annars er það sennilega akkilesarhæll klúbbanna í Sögusvæði að þeir eru lítt tengdir við þá sem fara með stjórn Umdæmisins og hugsa því starfið í klúbbunum sennilega þrengra en þeir klúbbar, sem eru í miklum tengslum. Tiltölulega fáir úr Sögusvæði hafa t.d. starfað í Umdæmisstjórninni.

Tú möts

Seinni svæðisráðsfundinn ætluðum við að halda í Eyjum 9. apríl, en vegna samgöngu-vandræða varð að fresta honum. Ekki gaf til siglinga í Landeyjahöfn um þær mundir - sigling frá Þorlákshöfn var því sá valkostur sem í boði var. Að koma með Herjólfu til Eyja úr Þorlákshöfn á 2ja klukkustunda svæðisráðsfund, eins og t.d. fyrir Hornfirðingana hefði þýtt 5 klukkustunda akstur til Þorlákshafnar, þriggja tíma siglingu til Eyja og gisting yfir nótt. Og síðan aftur 8 klukkustunda ferðalag heim. Þetta væri því tveggja sólarhringa ferðalag. Þetta þótti tú möts. Við ákváðum því að fresta þessum fundi. En allir klúbbarnir skilðu sínum skýrslum rafrænt.

Framtíðin í fjarfundabúnaði?

Ég hef áður viðrað þá hugmynd að kannski lægi framtíð svæðisráðsfundanna, þegar langt væri að fara, - í fjarfundabúnaði sem nú er orðinn tiltölulega auðveld samskiptaleið. Held ég að við í Sögusvæði munum skoða þá leið, allavega í einhver skipti.

Gísli Valtýsson
svæðisstjóri Sögusvæðis

haldið þrjá og verður sá fjórði í september. Haldnir hafa verið fundir í svæðisstjórn fyrir hvern fund þar sem farið er yfir mál-efnin í svæðinu. Mæting á fundina hefur verið góð og góðar skýrslur hjá forsetum og eru skýrsluskil hjá riturum til fyrirmyndar. Á fyrsta fundinn mætti fræðslunefnd og fór yfir störf ritara, voru félagar mjög ánægðir með það, þar sem fræðslan þótti heldur dýpur á þinginu. Á öðrum fundinum komu fulltrúar frá K-dagsnefnd og fræddu okkur um gang mála og frá unglingaklúbbnum Bláma sem sagði frá tilurð klúbbsins. Þá var kynning á nýja alheimsverkefninu MNT á þeim þriðja.

Klúbbarnir í svæðinu eru með mörg og mismunandi fjárfundunarverkefni og hefur gengið vel að safna þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélaginu en safnast hafa um 6 milljónir kr. og veitt hefur verið úr styrkjarsjóðum klúbbanna fyrir um 4 milljónir kr., þá eru

vinnustundir í svæðinu um 5.000 stundir. Fjölgandi hefur í svæðinu þrátt fyrir að við höfum misst 4 féлага og nokkrir verið strokaðir út og eru félagar í Ægissvæði samkvæmt maí skýrslum 268.

Hjálmaafhending í svæðinu gekk vel, misjafnt er hvernig klúbbar standa að afhendingu en ég veit að allir félagar fara glaðir heim eftir afhendingu þar sem gleði og þakklæti barnanna yljár þeim og ekki síður þegar við svo lesum um að hjálmararnir hafi bjargað lífi barnanna.

Allir klúbbarnir tóku þátt í K-degi og unnu klúbbarnir í Reykjanesbæ og Hafnarfirði að því verkefni sameiginlega, mikið kapp var komið í féлага á síðasta svæðisráðsfundi og var komin keppni á milli tveggja klúbba.

Nýr klúbbur Varða var vígður 1. febrúar og eru því klúbbarnir í Ægissvæði orðnir átta, og þá hefur Sólborg gerst móður-

Skýrsla svæðisstjóra Þórsvæðis

Á dagskrá svæðisins fyrir þetta starfsár voru 2 svæðisráðstefnur – vor og haust. Dagskrá var með hefðbundnu sniði auk þess að boðið var upp á fræðslu og mikið fjallað um fyrirhugaðar breytingar á svæðaskipulagi. Í tilefni af þeim breytingum var vorráðstefnan sameiginleg með Eddusvæðinu.

Innan svæðanna hafði verið unnin vandaður undirbúningur fyrir þessa sameiginlegu ráðstefnu og voru þar lagðar fram og samþykktar tillögur frá svæðisstjórnunum stjórn og starfsskipan á hinu nýja svæði sem fengið hefur nafnið Freyjusvæði – en klúbbarnir í Færeyjum völdu að nefna sitt svæði Færeyjasvæði og hafa þeir einnig fjallað um starfsemi þess með svipuðum hætti og gert var á þessari svæðisráðstefnu vegna Freyjusvæðis.

Það var einróma álit allra þátttakenda að þessi sameiginlega svæðisráðstefna hefði heppnast mjög vel og gefið góðan forsmekk að því sem koma skal með stærri og öflugri svæðum og þar með fjölmennari svæðisráðstefnum og vonandi öflugra starfi að öllu leyti.

Almennt var vel mætt á svæðisráðstefnur af klúbbunum, utan þess að engir fulltrúar voru frá klúbbunum í Færeyjum sem væntanlega skýrist af háum ferðakostnaði og er vonandi að breyting verði

á þátttöku klúbbanna þar með stofnun Færeyjasvæðis.

Færeyjaklúbbarnir Tórshavn og Rósan í Færeyjum, héldu upp á afmæli sitt í sumar með veglegum hætti. Svæðisstjóri átti því miður ekki heimangengt á þeim tíma, en sæti umdæmisstjórnar var þó vel skipað á þessum fagnaði, þar sem umdæmisstjóri heimsótti klúbbana að þessu tilefni, auk þess að þar var nokkuð fjölmenni annarra gesta frá Íslandi.

Starf klúbba á Þórsvæðinu hefur verið með ágætum á starfsárinu. Að vísu hefur fækkað nokkuð félögum og eru félagar nú aðeins 159 en voru 164 í upphafi starfsárs. Klúbbarnir lögðu að venju hönd á plóginn við sameiginleg verkefni eins og K-dag og Hjálma verkefni, en auk þess söfnuðu þeir rúmum 9 milljónum króna á starfsárinu, lögðu fram yfir 4 þúsund klukkustundir í vinnu og úthlutuðu tæpum 7 milljónum króna til líknarmála. Þessir þættir félagsstarfsins mega því teljast í góðu lagi þar sem félagar á Þórsvæðinu eru 17% af félagafjölda í umdæminu en fjársafnanir þeirra nema 28% af samanlagðri söfnun klúbbanna, vinnuframlag er 21% af heild og úthlutun til líknarmála er 30% af heildarúthlutunum klúbbanna. Mætingar á klúbbfundi eru um 74% sem er jafnt meðaltali í umdæminu.

klúbbur græðlingsklúbbsins Dyngju en það er kvennaklúbbur sem vonandi verður vígður fljótlega.

Ég hef heimsótt alla klúbbana í svæðinu og fengið að taka inn nokkra nýja féлага sem alltaf er mjög ánægulegt. Ég er mjög stolt af klúbbunum í Ægissvæði þar er öflugt starf og þeim er vel stjórnað, mikil samvinna á milli klúbba. Að vera svæðisstjóri er eitt af skemmtilegri embættum sem ég hef tekið að mér fyrir hreyfinguna. Ég hef kynnst fullt af skemmtilegum félögum og fengið að taka þátt í vígslu nýs klúbbs. Að lokum vil ég þakka forsetum og riturum fyrir gott samstarf á starfsárinu og eins öllum þeim sem ég hef haft samskipti við, þeim sem taka við óska ég góðs gegnis.

Með Kiwaniskveðju
Hildisif Björgvinsdóttir
Svæðisstjóri Ægissvæðis 2010-2011

Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis

Ágætu Kiwanisfélagar

Í svæðisstjórn Ægissvæðis 2010-2011 eru Hildisif Björgvinsdóttir svæðisstjóri Sólborg, Bergþór Ingibergsson kjörsvæðisstjóri Eldborg, Dröfn Sveinsdóttir ritari Sólborg, Konráð Konráðsson meðstjórnandi Eldey og Arnar Ingólfsson fráfaramandi svæðisstjóri Keili.

Í Ægissvæði er haldin sumarhátíð á hverju sumri og er það kjörsvæðisstjóri sem heldur utan um hátíðina, svo það var

mitt fyrsta verk. Hátíðin sem haldin var á Hellishólum tókst vel í alla staði en var heldur fámennari en áður, var það hræðsla við ósku frá Eyjafjallajökli sem olli því. Við sem þarna vorum (64) skemmtum okkur vel og áttum góða helgi saman á öskulausu svæði.

Stjórnarskiptin í svæðinu gengu vel fyrir sig, í öllum klúbbum voru makar með og mikið lagt í stjórnarskiptin. Mér til aðstoðar var Bergþór kjörsvæðisstjóri nema hjá Keili en Keilisfélagar voru með

stjórnarskiptin á Flúðum þar sem þeir voru líka að halda upp á 40 ára afmælið sitt, þar naut ég aðstoðar Einars Máss Jóhannessonar.

Í Ægissvæði erum við með fjórar svæðisráðsfundi og nú þegar þetta er ritað höfum við



Frá Þingnefnd

Þingnefnd hefur starfað af miklum krafti alveg frá því síðsta haust, nú erum við að leggja lokahönd á undirbúning og er þingið og þinghaldið að taka á sig endanlega mynd. Þetta er búin að vera skemmtileg og krefjandi vinna sem við höfum allir haft gaman af. Hafa veitinga og gistihúsaeigendur á staðnum lýst ánægju með að tímasetja þingið í lok ferðavertíðar en áður en þeir eru búnir að missa allan mannskap og verið í góðu samstarfi við okkur, og langar mig til að þakka öllum okkar félögum fyrir að gera okkur þetta mögulegt.

Þingið verður haldið í íþróttahúsinu okkar hér á Höfn og er allt þinghaldið á einum stað, og er allt að 7 mín. gangur

frá þeim gististað sem fjærst er á þingstað. Kiwanisklúbburinn Ós mun sjá um hádegisverði á fundardögum, ath. að þinfulltrúar fá matarmiða í þingjaldi fyrir máltíð á laugardegi en Ós mun selja mat á föstudegi og á laugardegi fyrir þá sem ekki eru með miða. Á föstudegi gefst gestum laus tími milli um 16 – 20 og mælum við með að fólk athugi með að panta borð á veitingahúsum (sjá á þingvef) ef menn vilja borða fyrir þingsetninguna kl 20:00 sem verður í Hafnarkirkju. Að lokinni þingsetningu verða Ós félagar skemmtikvöld á Hótel Jökli þar sem gestum gefst kostur á að kynna og spjalla, einnig verður þar kostur á léttum veitingum, ásamt því að við munum sjá gestum fyrir flutningum

Veffang þingnefndar: <http://kiwanis.martolvan.is/umdaemisthing2011>

Kynning á verðandi umdæmisstjóra



Ragnar og Allan Penn verðandi heimsforseti

Ragnar Örn Pétursson úr Kiwanisklúbbum Keili í Keflavík tekur við sem umdæmisstjóri á þinginu á Höfn í Hornafirði.

Ragnar Örn gekk til liðs við Kiwanishreyfinguna árið 1991 og hefur verið starfandi í 20 ár. Hann hefur gengt flestum embættum í Keili og frá 1999 má segja að hann hafi verið viðloðandi umdæmisstjóri með nokkrum frávikum. Hann þekkir því vel til innviða hreyfingarinnar.

Árið 1999 tók hann við embætti formanns þingnefndar í umdæmisstjórn Guðmundar Péturssonar í Keili. Á þessum tíma sem liðinn er hefur hann verið ritstjóri Kiwanisfréttanna í fimm ár og auk þess upplýsinga- og blaðafulltrúi í tvö ár. Ragnar Örn var svæðisstjóri í Ægissvæði 1996-97 og formaður fjölgunarnefndar í umdæmisstjórn Sigurðar R. Péturssonar.



Ragnar og Sigga

Ragnar Örn starfar nú sem íþróttafulltrúi hjá Reykjanesbæ og hefur gengt því starfi í 15 ár og hefur verið formaður Starfsmannafélags Suðurnesja frá 1999. Hann hefur setið í stjórn BSRB frá þeim tíma. Hann er Reykvíkingur en flutti ásamt fjölskyldu sinni til Keflavíkur 1984 þar sem hann var í veitingarekstri í Keflavík og rak veitingasöluna í Leifstöð í átta ár.

Ragnar Örn er menntaður framreiðslumaður og hefur einnig lokið diplománami í Tímstunda- og félagsmálafræði frá KHÍ. Á árum áður starfaði hann sem íþróttafréttamaður á Tímanum, Vísi og Ríkisútvarpinu og var fréttaritari RÚV á Suðurnesjum um 15 ára skeið.

Ragnar Örn er giftur Sigríði Sigurðardóttur starfsmanni Sundmiðstöðvarinnar og félagi í Sinawik í Keflavík. Þau eiga fjögur börn og sjö barnabörn og það áttunda er væntanlegt í jólamánuðinum.

til og frá staðnum sem er 7 km. utan við bæinn.

Á laugardegi munum við síðan enda með góðri veislu sem við vonum að breytist í ball og fjör.

Ég vil benda öllum á að hér er allt til alls og konur geta fengið hárgreiðslu, notið sundlaugarinnar og margt fleira, einnig vil ég minna á makaferð á laugardegi sem komin er á vefinn góða ásamt dagskrá þingsins og þar eru að koma inn nýjar og endurbættar upplýsingar alveg fram að þingi.

Við þingnefndarmenn og Ós félagar bjóðum alla okkar félagi í hreyfingunni velkomna og hlökkum til að taka á móti ykkur og eiga með ykkur góðar stundir.

Kjörorð umdæmisstjórnar 2011 – 2012

Margar hendur vinna létt verk

Markmið umdæmisins starfsárið 2011 – 2012

Vinna – Saman

Standa – Saman

Fjölga – Saman

Gaman – Saman



Ragnar og Bergsteinn Jónasson afhenda Lundann

Kynning á Kjörumdæmisstjóra 2011-2012

Nafn: Hjördís Harðardóttir

Aldur: 46 ára

Fjölskylduhagir: Gift Sigurpáli Bergs-syni húsmíðameistara og eiga þau þrjú börn, Ásgeir Örn 21 ár, Maríu Björk 19 ára og Bryndísi Rósu 14 ára.

Búseta: Er fædd og uppalin í Reykjavík en síðastliðin 19 ár verið búsett í Garðabæ

Menntun: Lauk stúdentsprófi árið 1985 og BSc. prófi í Lifeindafræði árið 1989.

Starf: Starfar hjá Veritas Capital í Garðabæ

Áhugamál: Kiwanis, fjallganga og ferðalög.

Kiwanis: Hjördís gerðist Kiwanisfélagi árið 1995 þegar Kiwanisklúbburinn Korpa í Reykjavík var stofnaður, en árið

1999 gekk hún til liðs við Kiwanisklúbbinn Sólborg í Hafnarfirði. Hún hefur setið í flestum nefndum klúbbsins og gegnt öllum embættum klúbbsins. Var forseti Sólborgar starfsárið 2005-2006. Frá árinu 2007 hefur hún starfað sem umdæmisritari fyrst í umdæmisstjórnartíð Matthíasar G. Péturssonar og síðustu tvö ár sem umdæmisritari hjá Óskar Guðjónssyni umdæmisstjóra. Hjördís hefur einnig verið formaður Kvennanefndar umdæmissins frá árinu 2009 og verið tengiliður við Kvennanefnd Evrópu. Á þinginu í haust mun Hjördís taka við sem Kjörumdæmisstjóri Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar.



Hjördís Harðardóttir

Boðið verður uppá ferð fyrir maka á laugardeginum 23. sept. kl. 11:00

Farið verður í siglingu um Hornafjörð með Birni Lóðs.

Að siglingu lokinni er farið í óvissu ferð með leiðsögumanni að hætti Vatnajökull Travel. Ferðin tekur um 3 tíma með stoppum og öllu og komið til baka um kl. 14:00, félagar í Ós munu bjóða uppá viðurgjörning í ferðinni.

Verð er 3.000- kr.



Bókanir eru í tölvupósti á stefan@martolvan.is

Ferðin er við allra hæfi, enn rétt er að benda á að í ferðina hentar útifatnaður og og þægilegir skór (striga eða gönguskór) sjóferðin er frekar stutt á lyngnum firðinum þannig að sjóveiki er nær útilokuð

Kynning á umdæmisritara 2011-2012

Ég heiti Benóný Arnór Guðmundson og er Rafeindavirki hjá Icelandair Technical Services (ITS).

Ég á þrjú börn, 11 ára stúlku, 6 ára dreng og 3 ára stúlku með konu minni Elínborgu Herbertsdóttur.

Ég gekk til liðs við Kiwanisklúbbinn Keili Keflavík fyrir 8 árum. Ég hef gegnt ýmsum stöðum innan Kiwanis svo sem forseti, ritari og formennsku nefnda hjá Keili. Einnig var ég ritari í Ægissvæði



Kynning á umdæmisféhirði 2011-2012

Birgir Sveinsson er fæddur 30. janúar árið 1960. Hann er giftur Ólöfu Jóhannsdóttur og á fjögur börn, Karen Ösp, Ólaf Einir, Elfar Franz og Mikael Mána. Birgir er búsettur í Vestmannaeyjum þar sem hann starfar sem kaupmaður. Árið 1991 gekk hann í Kiwanisklúbbinn Helgafell og hefur tekið að sér flest embætti klúbbsins. Hann var forseti klúbbsins árið 2004-2005 og árið 2007-2008 var Birgir svæðisstjóri Sögusvæðis. Áhugamál hans eru Kiwanis, íþróttir og að vera í góðra vina hópi.



Kynning á erlendum ritara 2011-2012

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir er fædd 23. júlí 1964, á 3 börn. Útskrifaðist úr margmiðlun og stjórnun í Árhus Danmörku í janúar 2006. Stundaði nám í lagadeild HR haustið 2010. Vinnur nú sem aðstoðarmaður lögmanna á lögfræðisviði Dróma hf. Gekkt til liðs við Kiwanishreyfinguna með inngöngu í Sólborgu Hafnarfirði haustið 1994. Var forseti klúbbsins veturinn 1995-1996 og formaður markmiðanefndar umdæmisins 1996-1997. Hefur sl. tvö ár starfað í K-dagsnefnd Umdæmisins. Aðal áhugamál eru félagsstörfin og ferðalög.



Kynning á frambjóðanda til kjördæmidæmisstjóra 2012-2013

Dröfn Sveindóttir er fædd í Hafnarfirði þann 16. febrúar 1966 gift Sigurði Jóhanni Sigurðssyni og eiga þau 3 dætur á aldrinum 16 – 26 ára, 2 tengdasyni og 1 barnabarn. Dröfn vinnur sem innheimtugjaldkeri hjá S. Guðjónsson ehf. Hún gekk í raðir Kiwanis á vordögum árið 1994 þegar Kiwanisklúbburinn Sólborg varð stofnaður. Er því ein, af stofnfélögum klúbbsins. Þá var hún fyrsti féhirðir klúbbsins árið 1994 – 1995, ritari 1995-1996, forseti 1997-1998 og svo aftur forseti 2009-2010, einnig hefur hún komið að störfum í flestum nefndum klúbbsins.

Auk þessa hefur Dröfn starfað í fræðslunefnd í nokkur ár, var svæðisstjóri Ægissvæðis 2004-2005, umdæmisritari árið 2005-2006 og er tengiliður Sólborgar við ungliðaklúbbinn Bláma starfsárið 2010-2011.



Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Kiwanisumdæmisins Ísland - Færeyjar koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu umdæmisins í lok starfsársins 2009-2010 og fjárhagslegri þróun á árinu. Tekjur umfram útgjöld námu kr. 1.704.771.- Óráðstafað eigið fé umdæmisins í heild nam kr. 11.678.941.- Óráðstafað eigið fé umdæmissjóðs er kr. 9.187.495.-, umdæmisþings kr. 2.303.800, K-dags kr. 179.262.- og J verkefnis kr. 8.384.-

Fjárreiður þingsjóðs og umdæmissjóðs voru aðskildar í janúar 2009 og stofnaðir sérstakir reikningar fyrir þingsjóð Stjórn Kiwanisumdæmisins Ísland - Færeyjar staðfestir hér með ársreikning hreyfingarinnar fyrir starfsárið 2009-2010 með undirskrift sinni.

Kópavogi 17. nóvember 2010

Í stjórn:

Óskar Guðjónsson
umdæmisstjóri

Atli Heiðar Þórsson
umdæmisféhirðir

Hjördís Harðardóttir
umdæmisritari

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmennreikninga Kiwanisumdæmisins Íslands - Færeyja höfum yfirfarið ársreikninga samtakanna fyrir starfsárið 2009-2010 og í því samhengi gert þær kannanir, sem við höfum talið nauðsynlegar

Við teljum reikningana gefa rétta mynd af starfsemi umdæmisins á starfsárinu og af efnahag þess í lok ársins. Við leggjum til að reikningarnir verði samþykktir.

Reykjavík 26. júlí 2011

Gunnar Rafn Einarsson MBA
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Pétursson

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

REKSTRARREIKNINGUR 01.10.2009 - 30.09 2010

	Árið 09-10	Fjárhags áætlun	Árið 08-09
Rekstrartekjur			
Tekjur umdæmisins	5,816,637	6,358,900	6,235,540
Tekjur Kiwanisfrétta	1,251,660	1,098,820	1,373,991
Tekjur umdæmisþings	4,642,518	4,145,070	3,420,487
Niðurgreiðsla þingsjóðs	0		0
	11,710,815	11,602,790	11,030,018
Rekstrargjöld			
Umdæmisstjóri	2,028,470	1,742,450	1,757,184
Kjörumdæmisstjóri	583,508	968,550	1,122,235
Umdæmisstjórnarfundir og þing	674,270	931,750	894,212
Nefndir	243,245	400,000	234,809
Umdæmisskrifstofan	1,261,985	1,732,200	1,299,993
Annar kostnaður	0		0
Kiwanisfréttir	1,248,433	1,098,820	1,451,091
Umdæmisþing 2010	4,084,124	4,145,070	3,226,706
Eddusvæði	0	12,000	34,200
Grettissvæði	47,950	100,950	42,100
Óðinssvæði	176,450	176,450	19,966
Sögusvæði	63,850	63,850	109,695
Þórssvæði	117,709	221,700	115,148
Ægissvæði	0	9,000	17,630
	10,529,994	11,602,790	10,324,969
Hagnaður fyrir afskriftir	1,180,821		705,049
Afskriftir	0		0
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,180,821	0	705,049
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	592,867		513,252
Fjármunatekjur	0		0
Fjármagnstekjuskattur	(68,917)		(66,518)
Fjármagnsgjöld	0		0
	523,950		446,734
Hagnaður (tap)	1,704,771		1,151,783

EFNAHAGSREIKNINGUR 30.09 2010

	EIGNIR		
	Skýr.	30.09.2010	30.09.2009
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Engjateigur 11		5,167,750	5,167,750
Skrifstofuáhöld		37,054	37,054
Tölva		18,580	18,580
		0	0
		5,223,384	5,223,384
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Engjateigur 11 ehf		480,000	480,000
		5,703,384	5,703,384
Fastafjármunir alls		5,703,384	5,703,384
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Skammtímakröfur umdæmisþings.....		285,000	0
Skammtímakröfur umdæmisins.....		295,737	400,968
		580,737	400,968
Handbært fé			
Bankareikningar umdæmisins		3,277,002	2,725,119
Bankareikningar K-dags		179,262	165,335
Bankareikningur umdæmisþings		2,069,680	1,427,306
Inneign þings v. Þing 2009		0	193,871
Bankareikningur J-verkefni		0	0
		5,525,944	4,511,631
Veltufjármunir alls		6,106,681	4,912,599
Eignir alls		11,810,065	10,615,983

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	30.09.2010	30.09.2009
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári, umdæmið.....	8,238,337	7,280,335
Leiðrétting v. K dags.....	(58,973)	0
Hagnaður (tap) ársins, rekstur umdæmisins.....	1,004,904	1,035,102
Hagnaður (tap) Kiwanisfrétta.....	3,227	(77,100)
Höfuðstóll - K dagur.....	179,262	165,335
Höfuðstóll - J verkefni.....	8,384	8,384
Höfuðstóll frá fyrra ári Umdæmisþing.....	1,621,087	1,427,216
Vextir af reikningum umdæmisþings.....	124,319	
Hagnaður (tap) ársins, rekstur umdæmisins.....	558,394	193,871
Eigið fé alls	11,678,941	10,033,143
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir umdæmisins.....	80,244	582,840
Skammtímaskuldir umdæmisþing.....	50,880	
Skammtímaskuldir alls	131,124	582,840
Skuldir alls	131,124	582,840
Skuldir og eigið fé alls	11,810,065	10,615,983

REKSTRARREIKNINGUR 01.10.2009 - 30.09 2010

Sundurlíðun ársreiknings

	Árið 09-10	Fjárhags áætlun	Árið 08-09
Rekstrartekjur			
Tekjur umdæmisins	5,816,637	6,024,900	6,235,540
Niðurgreiðsla þingsjóðs v. þing	0	0	0
Vaxtatekjur	436,692	334,000	513,252
Alls	6,253,329	6,358,900	6,748,792
Rekstrargjöld			
Umdæmisstjóri			
Heimsóknir í klúbba og svæðisráðstefnur	210,809	198,000	210,668
Heimsþing	898,443	493,450	336,500
Evrópuþing	0	0	0
Norden	0	88,000	113,000
Fánar merki ofl	41,992	90,000	149,800
Móttaka erl. gesta	149,605	140,000	377,072
Stofnun nýrra klúbba	0	170,000	156,074
Símakostnaður	15,000	15,000	0
Risna	121,850	80,000	27,600
Jóla kort	18,000	18,000	0
Blóm /Samúðarkort	0	0	0
Lokahóf og boð fyrir þing	402,600	310,000	295,000
Viðurkenningar og gjafir	67,391	80,000	88,470
Gjafir vegna afmæli klúbba	102,780	60,000	3,000
Alls	2,028,470	1,742,450	1,757,184
Kjörumdæmisstjóri:			
Heimsþing	220,700	577,150	615,013
Evrópuþing	0	0	0
Fræðslufundur	240,448	322,950	380,222
Kjörsvæðisstjórar þing Reykjavík	122,360	68,450	127,000
Alls	583,508	968,550	1,122,235
Umdæmisstjórnarfundir:			
Umdæmisstjórnarfundir 2009-2010, umdæmisþing	674,270	931,750	894,212
Nefndir:			
Fræðslunefnd	54,062	140,000	32,500
Útbreiðslunefnd	117,343	140,000	154,789
Aðrar nefndir	71,840	120,000	47,520
Alls	243,245	400,000	234,809
Svæði:			
Eddusvæði	0	12,000	34,200
Grettissvæði	47,950	100,950	42,100
Óðinssvæði	176,450	176,450	19,966
Sögusvæði	63,850	63,850	109,695
Þórsvæði	117,709	221,700	115,148
Ægissvæði	0	9,000	17,630
Alls	405,959	583,950	338,739

	Árið 09-10	Fjárhags áætlun	Árið 08-09
Umdæmisskrifstofan:			
Fasteignagjöld	269,468	260,700	248,912
Lóðaleiga	0	23,100	0
Tryggingar	33,346	21,000	29,527
Húsgjöld vegna sameignar	54,132	145,000	54,132
Ljósritunarvél rekstur	0	0	0
Hiti og rafmagn	119,193	151,600	96,080
Fjölritun prentun og ritföng	47,932	146,000	13,558
Prentun félagatals	294,200	285,000	258,358
Símakostnaður	60,599	200,000	151,674
Internetskostnaður, heimasíða og hýsing	120,912	87,000	62,385
Póstkostnaður	11,075	70,000	50,850
Viðhald húsnæðis, tækja og áhalda	10,009	90,000	226,270
Bókhald og endurskoðun	100,000	130,000	100,000
Ræsting hreinlætisvörur og kaffistofa	61,316	25,000	1,200
Annað ófyrirséð/kerfislyklar	59,706	87,800	7,047
Fjármagnstekjuskattur	50,988	0	0
Vextir og þjónustugjöld banka	20,097	10,000	66,518
Alls	1,312,973	1,732,200	1,366,511
Tekjur umfram gjöld	1,004,904	0	1,035,102
Rekstrartekjur:			
Tekjur Kiwanisfrétta áskrift	851,660	878,820	863,300
Aðrar tekjur Kiwanisfrétta	400,000	220,000	510,691
Alls	1,251,660	1,098,820	1,373,991
Rekstrargjöld:			
Prentun	1,078,976	710,000	1,169,555
Pökkun og dreyfing	169,457	219,400	281,536
Annað		169,420	
Alls	1,248,433	1,098,820	1,451,091
Tekjur umfram gjöld	3,227	0	(77,100)

	Árið 09-10	Fjárhags áætlun	Árið 08-09
Umdæmisþing 2009			
Rekstrartekjur:			
Tekjur umdæmisþings	2,159,598	2,176,070	1,979,500
Tekjur umdæmisþings galaball	1,716,000	1,716,000	1,438,542
Auglýsingatekjur	766,920	195,000	0
Vaxtatekjur	0	58,000	2,445
Alls	4,642,518	4,145,070	3,420,487
Rekstrargjöld:			
Ferðajöfnun	694,139	740,442	471,520
Hádegisverður+kaffikostn.+lokahóf	1,981,000	2,040,000	1,923,498
Þingfánar	210,840	192,000	195,500
Fjölritun prentun og ritföng	26,929	91,670	19,908
Gjafir vegna erlendra gesta	46,555	23,000	19,637
Ferðakostn.milli þingstaða	50,000	75,000	68,000
Ljósmyndun	5,000	30,000	20,000
Landkynning með erlenda gesti+ gjafir	0	0	99,000
Póstkostnaður	0	10,000	8,330
Kostn. Þingnefmdar	35,476	10,000	0
Þingsetning	0	50,000	30,000
Gisti- og ferðakostnaður erlendir gestir	152,800	183,200	0
Húsaleiga, hljómsveit og annað v. lokahófs	0	0	0
Blóm lokahóf	26,920	22,000	15,500
Annar kostnaður	30,045	57,758	80,122
Bankakostnaður	0	0	0
Bókhald og endurskoðun	0	20,000	0
H prent söngskrár	0	0	0
Makaferð	0	0	0
Þjörgunarsveit, vinna og gæsla	0	0	0
Greiðsla til Kiwanisfrétta	250,000	250,000	275,691
Húsaleiga	574,420	350,000	0
Alls	4,084,124	4,145,070	3,226,706
Tekjur umfram gjöld	558,394	0	193,781

Styrktarsjóður
Rekstrarreikningur 2010

	Árið 2010	Árið 2009
Rekstrartekjur:		
Stofnifé og styrkir frá klúbbum	0	10.000
Seldar stjórnur	325.000	930.000
Sala Kiwanislager	705.746	501.069
Rekstrartekjur alls	1.030.746	1.441.069
Rekstrargjöld:		
Ritföng	0	0
Vörukaup	261.628	408.012
Afskrifaðar gamlar kröfur	18.200	28.000
Rekstrargjöld alls	279.828	436.012
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	750.918	1.005.057
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur	277.903	492.099
Fjármagnstekjuskattur	(50.014)	(55.793)
Fjármagnsgjöld	(100)	(325)
Fjármagnstekjur alls	227.789	435.981
Hagnaður (tap)	978.707	1.441.038
Styrkveitingar:		
Styrkur vegna hamfara á Haití, húsnæðis kaup KIEF	268.235	
Styrkveitingar alls	268.235	433.381

Styrktarsjóður
Efnahagsreikningur 31.12.2010

Eignir	31.12.2010	31.12.2009
Skammtímakröfur:		
Ísspor.....	0	0
Skammtímakröfur klúbbar.....	(56.700)	62.900
Skammtímakröfur Visa / Euro.....	0	14.000
Skammtímakröfur alls	(56.700)	76.900
Handbært fé:		
Bankareikningar Íslandsbanki	4.705.474	4.527.109
Bankareikningar Sparisj. Vélstjóra	1.931.429	1.450.525
Bankareikningar Sparisj. Vélstjóra	130.992	23.089
Hlutafé Engjateigur 11	954.367	954.367
Handbært fé alls	7.722.262	6.955.090
Eignir alls	7.665.562	7.031.990
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé:		
Höfuðstóll frá fyrra ári.....	8.375.450	7.367.793
Hagnaður (tap) ársins.....	978.707	1.441.038
Styrkveitingar.....	(268.235)	(433.381)
Eigið fé alls	9.085.922	8.375.450
Skammtímaskuldir:		
Skammtímaskuldir	0	42.000
Skammtímaskuldir alls	0	42.000
Eigið fé og skuldir alls	9.085.922	8.417.450

Vörueign 31.12.2010 á útsöluverði ca. 1.250.000

Framangreint uppgjör styrktarsjóðsins fyrir tímabilið 01.janúar 2010 til 31.12.2010 er samkvæmt bókhaldsgögnum sjóðsins og upplýsingum stjórnarmanna. Með áritun okkar staðfestum við eignir sjóðsins þann 31.desember 2010

Reykjavík 24. maí 2011.
Björn Ágúst Sigurjónsson
formaður

Ágúst Hauður
löggiltur endurskoðandi

Fjárhagsáætlun Kiwanisfrétta starfsárið 2011-2012

Aðgerð:	Lýsing:	Samtals:
Tekjur:		
Áskrift	937 félagar x 995 kr.	932.315
Auglýsingar	Auglýsingar í blöð	230.000
	Samtals:	1.162.315
Rekstrargjöld:		
Prentun á blaði	415.000 x 2 blöð	830.000
Dreifing á blaði	2 Pökkun og dreifing 2x81.000	162.000
Pingblað.	Hluti af kostnaði.	160.000
Annað		10.315
	Samtals:	1.162.315

Fjárhagsáætlun umdæmisstjórnar starfsárið 2011-2012.

Verkefni:	Lýsing:	Samtals:
Tekjur:		
Félagsgjöld	937 félagar x 7.480.-	7.008.760
Greitt frá þingsjóði styrkur:	Vegna þings í Hornafirði	333.000
Vextir		210.000
	Tekjur samtals:	7.551.760
Gjöld:		
Umdæmisstjóri		1.858.114
Kjörumdæmisstjóri		1.070.320
Umdæmisstjórnarfundir		1.955.182
Nefndir		536.000
Svæði		435.000
Umdæmiskrifstofan		1.590.100
Annar kostnaður		107.044
	Samtals:	7.551.760
Umdæmisstjóri:		
Heimsóknir í klúbba	bl.5 Ferðakostnaður	348.820
Svæðisráðstefnur	bl.6 Ferðakostnaður	25.344
Heimsþing	bl.7 Ferðakostnaður	7.A 304.550
Evrópuþing	bl.7 Ferðakostnaður	7.B 126.200
Umdæmisþing Norden	bl.7 Ferðakostnaður	7.C 135.200
Fánar, skildir, merki ofl.		50.000
Móttaka erlendra gesta aðrir en Norden og KI árið 2012		151.000
Símakostnaður		27.000
Risna		80.000
Stofnun nýrra klúbba 2011-12	Sjá útbreiðslunefnd	145.000
Ferðir til Evrópuskrifstofu	Greitt af Evrópuskrifstofu	0
Fulltrúi í Evrópustjórn	Greitt af Evrópuskrifstofu	0
Jólaort		22.000
Umdæmisþing 2012	Boð umdæmisstjóra fyrir þing.	55.000
Viðurkenningar og gjafir		70.000
Gjafir vegna afmæla klúbba		80.000
Umdæmisþing 2012	22 miðar umdæmisstjórn	
Vegna lokahófs	12 miðar nefndarformenn	
	34 x 7.000,00	238.000
	Samtals:	1.858.114
Kjörumdæmisstjóri:		
Heimsþing	bl.8.A Ferðakostnaður	348.350

Verkefni:	Lýsing:	Samtals:	
Evrópuþing	bl.8.B	Ferðakostnaður	126.200
Kostnaður næstu stjórnar 2011-2012	bl.9	Fræðslufundur fyrir svæðisstjóra í mars 2011	188.080
Kjörsvæðisstjórnar 2012-13			
Fundur í mars 2012		Fræðslufundur umdæmisstjórnar	238.000
	bl.10	2011 - 2012	
Kjörsvæðisstjórnar 2011-2012		Á umdæmisþing 2011 í Keflavík	169.690
	bl.11		
		Samtals:	1.070.320
Umdæmisstjórnarfundir:			
Kjörumdæmisstjórn		Stjórnarskiptafundur í Reykjavík	560.946
starfsárið 2011-2012	bl.12/13	2011	
Fundur í október 2011	bl.14	Umdæmisstjórnarfundir, Reykjavík	251.680
Fundur í janúar 2012	bl.15	Umdæmisstjórnarfundir, Reykjavík	251.680
Fundur í mars 2012	bl.16	Umdæmisstjórnarfundir, Reykjavík	251.680
Fundur í september 2012.	bl.17	Umdæmisstjórnarfundur í Reykjavík	639.196
		Samtals:	1.955.182
Nefndir:			
Fjárhagsnefnd		Áætlun	24.000
Internetsnefnd		Áætlun	40.000
Útbreiðslu/Ungrlinga og Kvennanefnd.		Áætlun	212.000
Fræðslunefnd		Áætlun	160.000
Nefnd vegna breytinga á svæðum.(Færeyjar)			100.000
		Samtals:	536.000
Svæði:			
Færeyjar.	bl.18	Fjárhagsáætlun þessi er einungis innan viðkomandi svæðis.	11.880
Öðinn:	bl.19	Fjárhagsáætlun þessi er einungis innan viðkomandi svæðis.	202.876
Sögu:	bl.20	Fjárhagsáætlun þessi er einungis innan viðkomandi svæðis.	111.144
Freyja:	bl.21	Fjárhagsáætlun þessi er einungis innan viðkomandi svæðis.	97.900
Ægir:	bl.22	Fjárhagsáætlun þessi er einungis innan viðkomandi svæðis.	11.200
		Samtals:	435.000
Umdæmiskrifstofan Engjateigi 11:			
Fasteignagjöld/Lóðarleiga			293.500
Prentun félagatals			323.000
Tryggingar			36.100
Húsgjöld vegna sameignar			58.600
Hiti og rafmagn			155.000
Fjölritun, prentun og ritföng			52.000
Viðhald vegna eignar hluta umdæmis í Engjateig 11			45.000
Þjónustugjöld / til banka			23.000
Símakostnaður,fax.			68.400
Gerð heimasíðu og hýsing/Internet			165.600
Póstkostnaður			35.000
Viðhald áhaldna og tækja			65.000
Bókhald og endurskoðun			110.000
Ræsting,hreinlætisv, kaffi.			45.000
Fjármagnstekjuskattur			30.000
Annað			85.500
		Samtals:	1.590.100

Samtals. 7.551.760

Fjárhagsnefnd skipa eftirtaldir:

Arnór L. Pálsson, Eldey
Axel H. Bender, Heklu
Árni H. Jóhannsson, Kötlu

Sveitarfélagið Hornafjörður

saga – náttúra - mannlíf



Ljósmynd: Þorvarður Árnason

Inngangur

Sveitarfélagið Hornafjörður nær yfir langa og mjóa landræmu milli Vatnajökuls og Atlantshafsins sem teygir sig frá Hvalneskriðum í austri að Gígjukvísl á Skeiðarársandi í vestri, alls um 250 km að lengd. Sveitarfélagið í núverandi mynd varð til við sameiningu allra hreppa í Austur-Skaftafellssýslu, þ.e. fimm sveitahreppa auk Hafnar, árin 1994 og 1998. Í daglegu tali eru þó gömlu sveitaheitin notuð, þ.e. Lón, Höfn, Nes, Mýrar, Suðursveit og Örafi.

Upphafið

Þegar norrænir menn settust að á Íslandi voru fyrir í landinu írksir einsetumenn sem við köllum venjulega Papa. Fjöldi örnefna í sveitarfélaginu vitna um búsetu þeirra hér, má þar t.d. nefna Pabýli í Suðursveit og Papós í Lóni. Hrollaugur Rögnvaldsson jarlssonur frá Mæri í Noregi nam land í Hornafirði frá Horni að Kvía og bjó fyrstu árin undir Skarðsbrekku, seldi síðan stærstan hluta af landi sínu og flutti sig að Breiðabólstað í Suðursveit. Þorgerður nam land í Öraefum en Þórður Skeggi og Þorsteinn Leggur í Lóni. Aðrir þekktir einstaklingar á svæðinu til forna eru Úlfjótur í Bæ í Lóni sem setti íslendingum lög, Flosi Þórðarson í Svínafelli í Öraefum sem er þekktastur fyrir að standa fyrir Njálshönnu og Kári Sölmundarson sem slapp úr brenninni og settist síðan að á Breiðá þar sem nú er Breiðamerkursandur.

Náttúra

Sveitarfélagið Hornafjörður skartar mikilfenglegri náttúru með Vatnajökul í bakgrunni. Ótal skriðjökullar teygja sig frá honum milli hárra fjalla og trónir Hvannadalshnúkur þar hæstur, enda hæstur íslenskra fjalla. Óhætt er að segja að Vatnajökull hafi mótað landslag svæðisins og sé enn að. Skriðjökullarnir hafa skrapað berggrunninn og skilið eftir jökulruðninga frá því að þeir náðu lengst fram um 1880 og jökulárnar hafa heldur ekki legið á liði sínu, myndað sanda og byggt upp ströndina. Jöklaarnir eru nú á hröðu undanhaldi með hlýnandi loftslagi og er því spáð að þeir muni jafnvel hverfa alveg á næstu 100-200 árum að öllu óbreyttu. Í Vatnajökli er virkasta eldstöð landsins, Grímsvötn, og Örafajökull sem hefur gosið tvisvar á sögulegum tíma, er ekki útdauður enn.

Veðurfar á svæðinu er milt en úrkomusamt, en það er einmitt úrkomian ásamt háum fjöllum sem hefur myndað Vatnajökul. Vetur eru fremur mildir og snjóar sjaldan á láglendi en rignir þeim mun meira. Þrátt fyrir það mælast fleiri heiðrikjuddagar í Hornafirði en í Reykjavík og á Akureyri.

Gróðurfar fer nú ört vaxandi á svæðinu. Sandarnir sem jökulárnar hafa myndað eru allir að góa upp og lyng, runnar og trjágróður festir nú víða rætur sem glöggt má sjá t.d. á Skeiðarársandi. Hlýnandi loftslag og minnkandi beit eru sennilega stærstu þættirnir í þessari þróun.

Samgöngur

Öldum saman bjuggu Austur-Skaftafellingar við mikla einangrun vegna illfærra jökuláa og hafnleysu.

Árið 1924 varð sá merki atburður að fyrsta flugvélin sem flaug yfir Atnantshafið lenti á Hornafirði. Flugmaðurinn, Erik Nelson, var svíi sem var búttur í Bandaríkjunum. Eftir það lentu flugvélar af og til á Hornafirði og eftir 1940 hófust fastar áætlanarferðir loftleiðis milli Hornafjarðar og Reykjavíkur. Brú var byggð á Jökulsá á Breiðamerkursandi 1967 og brýr og vegur yfir Skeiðarársand 1974 og þar með var einangrun héraðsins úr sögunni. Árið 2004 voru göng grafin undir Almannaskarð og er nú svo komið að samgöngur til og frá Hornafirði í báðar áttir eru tryggar allt árið um kring.

Verslun

Sögur og örnefni benda til þess að verslunarhöfn hafi verið á Höfn í Hornafirði til forna. Á sextánda öld er talið að þýskir kaupmenn hafi siglt til Hornafjarðar en endir verið bundinn á það með tilkomu einokunarverslunarinnar 1602. Á einokunartímabilinu (1602-1787) voru Austur-Skaftafellingar með konungsúrskurði þvingaðir til að versla eingöngu við Djúpa-vogskaupmann en þegar fríverslun var leyfð sóttu þeir verslun stundum annað og eru heimildir til um að menn hafi stundum sótt verslun til Eskifjarðar, Eyrarbakka eða jafnvel til Reykjavíkur. Erfitt var að sætta sig við að þurfa að sækja verslun um svona langan veg og var því send beiðni til stjórnvalda um um löggildingu verslunarhafnar á Papósi eða Hornafirði. Þetta leiddi síðan til þess að Jörgen Johnsen eigandi Flensborgarverslunar í Hafnarfirði sigldi skipi sínu á Papós og hóf verslun þar 1861. Sonur hans, Jörgen Johnsen yngri tók síðan við af honum. Árið 1895 keypti Ottó Tulínus verslunina og flutti hana til Hafnar 1997. Þórhallur Daníelsson sem verið hafði verslunarstjóri hjá Ottó keypti síðan verslunina 1909 og rak hana ásamt annarri starfsemi af miklum myndarbrag til 1919 er hann seldi hana nýstofnuðu Kaupfélagi Austur-Skaftafellinga (KASK) sem var helsta verslunar- og atvinnufyrirtæki í héraðinu þar til fyrir nokkrum árum.

Aðrar atvinnugreinar

Landbúnaður var frá aldaöldi aðalatvinnuvegur Austur-Skaftafellinga og er ennþá mikill enda landið vel fallið til landbúnaðar vegna frjósams jarðvegs og mildrar veðráttu, þó hentaði það ekki vel til stórbúskapar vegna litilla afréttarlanda.

Bændur drýgðu því tekjur sínar með ýmsum hlunnindum, einklum veiðum úr sjó og vötnum. Eftir að jökla fóru að hörfa fyrir alvöru um miðja síðustu öld fóru menn að rækta sandana sem jökulárnar skildu eftir sig og breytti það búskaparskilyrðum mjög til hins betra. Aðallega stunduðu sauðfjár- og nautgriparækt en einnig kartöflurækt og eru hornfirskar kartöflur víðfrægar.

Fiskveiðar voru stundaðar víða í Austur-Skaftafellssýslu á árum áður enda gjöful fiskimið skammt undan landi. Sjósóknin var þó oft erfið og hættuleg við hafnlausu ströndina og oft urðu mannskæð slys við þá iðju. Árið 1908 hófu Austfirðingar vélbátaútgerð frá Hornafirði og fljótlega fylgdu heimamenn í kjölfarið. Þetta hleypti miklu lífi í allt mannlíf á Höfn og uppbygging varð mikil. Kaupfélag Austur-Skaftafellinga hóf snemma útgerð og fiskvinnslu og varð langstærsta fyrirtæki á því sviði og mörgum öðrum um árabíl. Nú er Skinney-Þinganes aðal útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á Hornafirði.

Humarveiðar hófust á Hornafirði um miðja síðustu öld og hefur þróast og vaxið síðan. Er nú svo komið að Hornafjörður er orðinn þekktur sem „Humarbærinn“ og íbúarnir halda Humarhátíð árlega.

Innsiglingin um Hornafjarðarós var mjög varasöm og þar hafa orðið nokkur hörmuleg sjóslys auk minni óhappa. Á undanföllum árum og áratugum hafa verið gerðar mikla rannsóknir á siglingaleiðinni og úrbætur í kjölfarið. Þetta hefur aukið öryggi sjófarenda til mikilla muna.

Ferðaþjónusta hefur vaxið mjög á undanföllum árum eftir að hringvegur var opnaður um landið með vege- og brúargerð yfir Skeiðarársand. Er nú svo komið að telja má ferðaþjónustu annan mesta atvinnuveg í héraðinu. Vonir eru bundnar við að þessi grein eigi eftir að vaxa jafnt og þétt á næstu árum, einkum vegna tilkomu Vatnajökulspjóðgarðs árið 2004.

Vinsælir ferðamannastaðir

Austur-Skaftafellssýsla, nú Sveitarfélagið Hornafjörður, hefur upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn og aðra sem kunna að meta mikla náttúru og sögu. Nægir þar að nefna (frá austri til vesturs) Lónsöræfi, Jöklasýningu á Höfn, Svavarsýningu, Hoffells-, Fláa- Heinabergs- og Skálafellsjökul, Þórbergsetur á Hala, Jökulsárlón, Ingólfshöfða, Örafajökul og Skaftafell. Annars eru áhugaverðir staðir allsstaðar hvort sem er til fjalla, á láglendi eða við ströndina og víða hafa verið markaðir göngustígar.

Menning

Menningarlíf í Austur-Skaftafellssýslu hefur verið og er fjölbreytt enda hafa íbúarnir þurft að vera sjálfum sér nógr í þeim efnun vegna einangrunar sinnar. Sem dæmi um fjölbreytnina má nefna að í sveitarfélaginu eru starfræktir fimm kórar, þrjár leikhópar og fjöldi hljómsveita. Héraðið hefur alið af sér nokkra nafnkunna listamenn, þekktastir þeirra eru listmálarinn Svavar Guðnason frá Höfn og Þórbergur Þórðarson rithöfundur frá Hala.

Íþróttalíf er hér blómlegt með ungmennafélögin Sindra og Mána í fylkingarbrjósti ásamt Golfklúbbi Hornafjarðar og Hestamannafélaginu Hornfirðingi.

Bókasafn, byggðasafn, héraðsskjalasafn, náttúrugripasafn og listasafn eru starfrækt á vegum Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar auk þess sem hún skipuleggur ýmsa aðra viðburði, svo sem tónleika, sýningar, skemmtanir og fræðslu fyrir börn og styður einnig við aðra aðila sem vilja standa fyrir menningarviðburðum.

Ágúst 2011

Sigurður Örn Hannesson

HUMARHÖFNIN
GASTRONOMY LANGOUSTINE

Veitingahúsið við höfnina

Hafnarbraut 4 Höfn Hornafirði
Sumaropnun frá 12:00 - 22:00

Sími: 478-1200 / 846-1114 / 891-8080

www.humarhofnin.is
info@humarhofnin.is

Skemmti- og nýliðaveiðikvöld Ós á Hótel Jökli

Klúbburinn hélt heljarmikla veislu að Hótel Jökli föstudagskvöldið 25. febrúar síðastliðinn.

Hátíðin var skipulögð af skemmtinefnd og var hverjum félagi upp á lagt að bjóða eiginkonu sinni og að minnsta kosti einu pari þar sem karlinn væri líklegur til að ganga í klúbbinn.

Við lögðum þetta upp með þeim hætti að um væri að ræða hátíðarfund með dagskrá sem líktist hefðbundinni dagskrá Kiwanisfundar.



Dagskrá

1. Setning og ávarp forseta.
2. Kynning félaga á gestum.
3. Forréttur
4. Fundargerð síðasta fundar lesin.
5. Forseti heldur kynningu á Kiwanishreyfingunni og klúbbstarfinu.
6. Aðalréttur.
7. Orðið laust.
8. Samkomunni slitið.

Skemmtinefnd sá alfarið um eldamennsku, þjónustu og frágang að hátíð lokinni nema hvað féhirðir sá um barinn og að koma gestum til síns heima eftir herlegheitin.



Í forrétt var skötuselur a la Haukur Óla formanns skemmtinefndar. Í aðalrétt voru fylltar andabringur að hætti Grétars Vilbergs hvortveggja alveg frábært.

Í stuttu máli sagt tókst þessi kvöldstund alveg frábærlega og öllum sem lögðu hönd á plóg til mikils sóma. Er ég sannfærður um að þetta á eftir að skila okkur fleiri félögum og ekki síst að skerpa á samheldni klúbbfélaga fyrir komandi átök við undirbúning Umdæmisþingsins.

Forseti Ós
Guðjón Pétur Jónsson



Skýrsla Formanns K-dagsnefndar

Umdæmisstjóri, góðir umdæmisstjórnarmenn og aðrir embættismenn Kiwanisumdæmisins, lokaundirbúningur K-dags fólst í auglýsingarátaki sem Margmiðlun ehf. sá um að hafa með gerð og birtingu auglýsingar í sjónvarpi sem vakti landsathygli og þemaviku í útvarpi með viðtölum við nefndarmenn og fulltrúa styrkþega, auglýsingum í blöðum, prentun á plaggöttum og lykklaspjaldi, pökkun á lykklum til klúbba, samningur við Valitor um posa sem Alfred sá um og var sérstaklega hagstæður, þar sem við vorum með helgarleigu þá þurfti að hafa snör handtök við að koma þeim út á land með pósti, flugi og rútum og tókst mjög vel og voru heimtur góðar, K-dagsnefndin sá um greiðslur. Það má segja að nefndarmenn hafi verið í fullu starfi söfnunardaganna til þess að sjá til þess að allir söluaðilar hefðu nóg af lykklum, lykklaspjöldum og posum. Samið var við BYKO um frían skurð á lykklum um allt land og einstakir klúbbar sömdu einnig við aðra á sínu heimasvæði eins og Húsasmiðjuna á Ísafirði, Akureyri, Egilstöðum og Skósmiðinn í Hafnarfirði. Rétt er að vekja athygli á því, að hugmyndina að lykklum nú, á Hörður Baldvinsson og varð hugmyndin til á einum affyrstu fundum nefndarinnar.

Salan hófst með því að verndari K-dagsins forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson tók á móti K-dagsnefndinni og umdæmisstjórn á Bessastöðum tók við skjali og lykli og áttum við ánægjulegt spjall og góðar veitingar voru í boði, kaffi og pönnukökur.

Einnig var startað **Hreyfing er LYKILL að bættri geðheilsu, "Sund léttir lund"** í tengslum við K-daginn var efnt til sundátaks í samstarfi við Sundsambands Íslands í tilefni 60 ára afmælis sundsambandsins. Sundið stóð yfir dagana 10. til 19. maí og var í umsjá sundfélaga um land allt. Þann 19. maí var Kiwanissundið gert upp og syntu Óskar umdæmisstjóri, Hörður formaður SSÍ og sundkapparnir Ragnheiður Ragnarsdóttir og Jakob Sveinsson lokaspjallinn í Laugardagslauginni. Staðfest er að 5.190 kílómetrar hafi verið syntir, en takmarkið var 4.800. Lengst var synt í Ásvallalaug í Hafnarfirði eða um 1.600 km og í Laugardalslaug um 1.450.

Mikil stemming var um allt land í sölu lykla og fengum við í nefndinni jafnóðum fréttir og beiðnir um viðbóta lykla, sem var komið í flug eða jafnvel ekið í veg fyrir rútur til þess að koma lykklum eða posum á leiðarenda. Það var okkur í nefndinni mikið gleðiefni þær frábæru viðtökur og þá miklu ánægju sem varð með lykllinn.

K-dagurinn í Færeyjum, Kiwanisklúbbarnir í Færeyjum höfðu samþykkt að vera með í verkefninu og voru 5 þúsund lykklar að Ruko gerð keyptir og greiddir. Eiríkur Ingvarsson fyrrum svæðisstjóri Þórsvæðis er tengiliður við K-dagsnefndina. Lyklarnir verða seldir þar á lengri tíma en hér á landi og þar verða styrkt geðverndarmál. Stefnt að uppgjöri í Færeyjum í október.

Niðurlag.

Starf K-dagsnefndar miðast að vera í nánú sambandi við Kiwanisfélagi og með því að virkja, svæðisstjóra, forseta og tengiliði í klúbbunum og koma í veg fyrir að það mynduðust



Móttaka að Bessastöðum

flöskuhálsar í samskiptum, nefndin virkjaði heimasíðu umdæmisins, var á facebook og sendi aragrúa af tölvupósti, nefndarmenn fóru á fundi hjá öllum svæðisráðum og heimsopti 2/3 Kiwanisklúbba. Gefin voru út þrjú tbl. af Fréttabréfi K-dagsnefndar.

Helstu samningar voru:

- Heimild frá Dómsmálaráðuneytinu til söfnunar.
- Bréf sent til allra helstu félagasamtaka þar sem söfnunin var kynnt og ósk um að ekki væru aðrar safnanir á sama tíma.
- Samið við Gústaf H. Hermannsson um umsýslu við framleiðslu og flutning lykla frá Kína
- Samið var við Margmiðlun ehf. um kynningarmál með frábærum árangri.
- Samið um hönnun, prentun og strikamerkingu.
- Samið við Landsbankann um söfnunarreikning
- Samið við Valitor um posa (helgarleiga alm. 6 þús. kr. okkar samningur 2 þús. kr. án vsk).
- Samið við símafélögin, Vodafone, Símann og Nova um söfnunarnúmer 908 1500.

Það sem upp á vantaði, var að það vantaði fleiri söluaðila því ekki vantaði upp á viðtökur. Við í nefndinni urðum fyrir nokkrum vonbrigðum með að Umdæmisstjórn hafði ekki tekið með sér lykla á Evrópuþings svo og á heimsþing, þrátt fyrir ábendingar frá nefndinni um sölu og kynningar á þessu frábæra verkefni og til að styðja við kynningu á okkar framþjóðenda.

Það er mat okkar í nefndinni að það hafi náðst frábær árangur með samstilltu átaki Kiwanisfélaga um land allt og góðu framlagi samstarfsaðila við sölu.

Helstu styrktaraðilar söfnunarinnar voru; Actavis, N1, Landsbankinn, BYKO, ISAL, ALCOA og Norðurál og er þeim færðar bestu þakkir fyrir öflugan stuðning á erfiðum tíma, einnig þakka ég forsvarsmönnum Margmiðlunar þeim Lárusi, Sigurjóni og Heimi fyrir frábært samstarfi.

Ráðgjafi heimsstjórnar til Íslands

Oscar E. Knight III ráðgjafi heimsstjórnar Kiwanis, er væntanlegur á umdæmisþing Kiwanis sem haldið verður á Hornafirði. Oscar Knight er frá San Diego í Kaliforníu og var kjörinn ráðgjafi í heimsstjórn til þriggja ára á 95. heimsþingi Kiwanis sem haldið var í Las Vegas í fyrra.

Oscar hefur verið meðlimur í Kiwanisklúbbnum í La Mesa í 23 ár og var forseti klúbbsins 1992-93. Hann var umdæmisstjóri í umdæminu Kalifornia-Nevada-Hawaii 2007-2008 og áður hafði hann verið svæðisstjóri fyrir svæði 31 í San Diego East County.

Oscar Knight er giftur Gladys og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.



Ég vil þakka samnefndarfélögum mínum þeim Emelíu Dóru Guðbjartsdóttur, Páli V. Sigurðssyni og Herði Baldvinsyni fyrir þeirra fórnfúsa og frábæra starf þeirra um leið og við minnumst Alfreds Styrkárssonar er lést langt fyrir aldur fram þann 20. júlí sl. en hann byrjaði í nefndinni en sagði sig frá sl. vetur vegna veikinda en hann kom að verki með okkur og gerði góðan samning við Valitor um posa, blessuð sé minning um góðan og öflugan félag.

Forseta Íslands Hr. Ólafi Ragnari Grímssyni eru færðar alúðarþakkir fyrir að vera verndari verkefnisins

Við uppgjör K-dagsins þá hefur selst fyrir 33 milljónir kr., 3 milljónir kr. fóru sem styrkir (sölulaun) til samstarfsaðila við sölu sem voru; íþróttafélög, skólafélög, kórar og skátafélag.

Kostnaður var; lykarnir kostuðu 5,2 milljónir kr. þar af 1,2 milljónir kr. VSK, posaleiga og sendingakostnaður ofl. K-dagsnefndin hefur ákveðið að skilja 1 milljón kr. á reikningi til næstu K-dagsnefndar:

Afhending styrkjanna fer fram 10. október sem er alþjóða Geðheilbrigðisdagurinn.

Til styrktarverkefna fer kr. 22.500.000, og skiptast styrkirnir þannig:

- BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk m.a. á landsbyggðinni kr. 8.500.000
- Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem skiptist í þrennt; foreldraeflingu, meðgönguhópar og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a. með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi. kr. 8.500.000
- Lautin á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“ kr. 5.500.000

F.h. K-dagsnefndar Kiwanisumdæmisins
Gylfi Ingvarsson formaður

**HÖFN INN**
GUESTHOUSE

Vesturbraut 3
Sími: 478-1544
netfang:
info@hofninn.is

Handraðinn

Félag lista-og handverksfólks

Opið alla daga, 1. maí - 30. sept.
frá kl. 9:00 - 18:00

Handraðinn er til húsa í N1 á Höfn



Gistiheimilið Hvammur
Ránarslóð 2, 780 Hornafirði
Sími 478 1503
www.hvammurinn.is



Við höfum þjónustað fólk síðan 1966

Hótel Höfn

Ráðstefnur

Fundir

Veislur

Fjölbreittur matseðill og fleira

**HÓTEL HÖFN**



Víkin

Heimahöfn í Hornafirði

Víkin Veitingahús
Restaurant-Sportbar-Pub

Gott að skella sér á leik í enska boltanum,
fá sér einn ísskaldan Öllara
og gómsæta pizzu eða burger



Skinney - Þinganes Óskar
Kiwanismönnum allra heilla
í starfi.



Photo © UNICEF

Söfnun fyrir Eliminate-verkefnið

Kiwanis hyggist safna 110 milljónum dollara fyrir Eliminate-verkefnið til að útrýma ungbarnastífkrampa. Fjáröflunin krefst mikils átaks frá Kiwanis-fjölskyldunni um allan heim. Saman munum við fagna velgengni verkefnisins á 100 ára afmæli Kiwanishreyfingarinnar árið 2015.

Eliminate-verkefnið
ELIMINATE
maternal/neonatal tetanus
Kiwanis | unicef

www.theeliminateprojekt.org